

**SKOÐUN** Landsnet leiðir fjölmiðla í gildru, skrifar Guðmundur Ingi Guðbrandsson. 19



**MENNING** Erling Jóhannesson hvílir leikstjórann og sýnir skartgripi á bryggju. 26



**LÍFIÐ** Jakob Jakobsson tekur þátt í kapphlaupi um óbyggðir Grænlands. 42



**SPORT** Þorleifur Ólafsson er ekki sáttur við dómarana í körfuboltanum. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**27. mars 2014**
73. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Lán geta lækkað um fimmtung

Samkvæmt skuldaleiðréttingarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar getur meðalhúsnæðislán lækkað um fimmtung. Stjórnarandstaðan telur að þeir sem ekki þurfi leiðréttingar fái þær á kostnað þeirra efnaminni. 4

**Misreiknuðu sig** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir Rússa greinilega hafa misreiknað sig hafi þeir búist við því að þeir gætu rekið fleyg á milli Bandaríkjanna og Evrópu í Úkraínumálinu. 8

**Léleg tannhirða** Skólahjúkrunarfræðingur sem varð var við lélega tannheilsu nemenda kennir þeim að bursta tennur og bendir á nauðsyn heimsókna til tannlæknis. 10




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | SSV | 10 |
| Akureyri | 3° | SSV | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | NNV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NV | 7 |
| Reykjavík | 4° | SSV | 7 |

**Rigning eða slydda** norðaustan og austan til en dálítlar skúrir eða él vestanlands. Heldur kólnar í veðri. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Milljarðatap vegna hafna í Reykjanesbæ

Reykjanesbær situr uppi með þungar byrðar vegna taprekstURS Reykjaneshafnar, sem rekur hafnir bæjarfélagsins. Skuldirnar eru 7,3 milljarðar króna. Tapið í fyrra var 650 milljónir króna. Kostnaðarsöm uppbygging í Helguvík skýrir tapið að mestu.

**SVEITARSTJÓRNIR** Reykjaneshöfn tapaði 650 milljónum króna á síðasta ári. Fyrirtækið hefur tapað rúmum 2,8 milljörðum króna á síðustu fimm árum og skuldar nú 7,3 milljarða.

„Skuldirnar hafa sjöfaldast frá árinu 2002 en á meðan hafa tekjurnar verið oftaldar og tapið margfalt meira en áætlanir meirihlutans gerðu ráð fyrir,“ segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Reykjaneshöfn er í eigu bæjarfélagsins. Starfsemin er fjármögnuð með tekjum af rekstri fimm hafna. Uppbygging svæðisins við Helguvíkurhöfn hefur verið stærsti kostnaðarliðurinn. Áform um uppbygginguna þar hafa ekki gengið eftir og Reykjanesbær því þurft að endurfjármagna með lántökum.

„Það er augljóst að tekjur hafa staðið á sér og fjárfestingin hefur ekki enn borgað sig og menn hafa farið í endurfjármögnun og bera uppi mjög þungan kostnað af þessu. Von okkar og vissa er að um leið og þessi verkefni í Helguvík sem eru á borðinu fara af stað, og ég get nefnt fimm verkefni, muni þetta snúast fljótt við,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

„Það hefur verið mjög miður að þurfa að sitja uppi með fjárfestingu í þetta mörg ár án þess að hún sé að skila sér og það hefur verið erfitt fyrir sveitarfélagið að standa undir því.“ - hg / sjá síðu 6



> „Von okkar og vissa er að um leið og þessi verkefni í Helguvík sem eru á borðinu fara af stað, og ég get nefnt fimm verkefni, muni þetta snúast fljótt við.
>
> *Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.*

Kergja í kjarasamningum:

## Ekki samið næstu dagana

**KJARAMÁL** Laufey María Jóhannsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, segir að stjórn sambandsins líti svo á að nemendur séu komnir að þolmörkum og skólastarf verði að hefjast að nýju. Pattstaða ríkir í kjaraviðræðum kennara og ríkisins.



LAUFEY M. JÓHANNSDÓTTIR

„Við höfum verið að funda vegna stöðunnar og erum orðin mjög áhyggjufull,“ segir Laufey sem kveður mikla hættu á brotthvarfi úr skólunum. Ríkissáttasemjari boðaði samninganefndir á fund klukkan sex í gærkvöldi. Fulltrúar samninganefndar kennara lýstu launatilboði ríkisins sem móðgandi.

„Tilboðið sem við fengum í gær er ívið verra en það sem við fengum fyrr í mars,“ segir Hanna Björg Vilhjálmsdóttir í samninganefnd kennara. Hanna segir að ekki verði samið á næstu dögum. - ssb sjá síðu 2



**FATAHÖNNUÐUR Í FORSETAHEIMSÓKN** Tískukóngurinn Calvin Klein, til vinstri á myndinni, kemur til Bessastaða í gærkvöld, en honum var boðið þar til kvöldverðar ásamt fleiri fyrirlesurum sem taka þátt í opnunarráðstefnu HönnunarMars í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tískumógúll til landsins:

## Calvin Klein á Bessastöðum

**HÖNNUN** Heiðursgestur HönnunarMars er fatahönnuðurinn Calvin Klein sem lenti ásamt fylgdarliði á Keflavíkurflugvelli í gær. Þaðan fór hann rakleiðis í kvöldverðarboð á Bessastaði.

Tískumógúllinn frægi hefur rekið tískuhús undir eigin nafni frá 1968 við miklar vinsældir.

Klein flytur erindi á fyrirlestradeginum í Hörpu sem markar upphaf HönnunarMars. Mun hann fjalla um stefnumótun og aðferðir á mismunandi stigum á starfsferli sínum og mikilvægi samvinnu þvert á hönnunargreinar.

Fjölbreytt framboð af viðburðum verður á HönnunarMars. Meðal þeirra verður tískuhátíðin Reykjavík Fashion Festival sem standa mun yfir um komandi helgi. - áp/sjá síðu 36






Vidar Helgesen, Evrópumálaráðherra Noregs, hitti Gunnar Braga Sveinsson:

# Efla á samstarfið gagnvart EES

**EVRÓPUMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir fund sinn með Vidar Helgesen, Evrópumálaráðherra Noregs, í gær vera lið í því að hefja meira og nánara samstarf við Noreg gagnvart EES-samningnum.

Norska stjórnin, sem tók við í haust, hefur lagt áherslu á að ganga hratt á þann lista yfir reglur frá Evrópusambandinu sem Norðmenn áttu eftir að innleiða í norsk lög. Íslendingum hefur hins vegar ekki gengið þetta jafn vel.

Helgesen tekur fram að Norðmenn leggi ekki svona mikla áherslu á þessi mál vegna þess að Evrópusambandið láti það fara í taugarnar á sér hve langur listinn er yfir óafgreiddu málin. „Þótt sú sé að vísu raunin, þá er það ekki málið heldur að það er gott fyrir viðskiptin. Þegar ég tala við norsk fyrirtæki þá leggja þau áherslu á að þau vilji engar sérreglur heldur sé betra fyrir viðskiptin að búa við sömu reglur og í Evrópu.“

Norðmenn hafa auk þess lagt mun meiri vinnu og mannskap en Íslendingar í að koma sjónarmiðum Noregs á framfæri úti í Brussel á meðan Evrópulöggjöf er í smíðum.

„Við skynjum það báðir að til þess að minnka þennan innleiðingarhalla og til að geta komið okkar sjónarmiðum á framfæri inn í þessa vinnu,“ segir Gunnar Bragi, „þá skiptir mestu að vera fyrr á ferðinni, vera með öflugan mannskap og góða samvinnu við að hreinsa út það sem við teljum að geti valdið okkur vandræðum.“ - gb



**VIDAR HELGESEN OG GUNNAR BRAGI SVEINSSON** Evrópumálaráðherra Noregs hefur fullan hug á að koma Íslendingum til aðstoðar gagnvart Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## SPURNING DAGSINS



Ómar, ertu 100 prósent viss?

**Ég er alveg örugglega 27 prósent viss.**

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi, lagði fram tillögu um að starfshlutfall bæjarfulltrúa yrði hækkað úr 27 prósentum í 100 prósent.

Borgin beið eftir úrskurði undanþágunefndar vegna fatlaðra nemenda:

# Úrræði fyrir fatlaða strax skoðuð

**KENNARAVERKFALL** „Nú þurfum við að leggjast yfir hvað við getum gert fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum á meðan á verkfalli framhaldsskólakennara stendur. Ég vona að það skýrist í dag hvað við getum boðið upp á. Þetta varðar hvernig við getum opnað okkar þjónustu og þá helst skammtímavistanir,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, vegna synjunar undanþágunefndar á beiðnum um nám og þjónustu fyrir fatlaða nemendur sem nefndinni höfðu borist.



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Á meðan á verkfallinu hefur staðið hafa fatlaðir nemendur hvorki fengið aðstoð við nám né þjónustu vegna fötlunar sinnar. „Við hefðum auðvitað viljað að fatlaðir nemendur fengju undanþágu til að geta verið í sínum skóla í verkfalli framhaldsskólakennara. Það hefði raskað lífi þeirra sem minnst. Við urðum hins vegar að bíða eftir úrskurði undanþágunefndarinnar áður en við færum að bjóða upp á úrræði fyrir þessa nemendur,“ tekur Björk fram.

Undanþágunefnd framhaldsskólakennara og ríkisins hóf störf síðastliðinn mánudag, viku eftir að verkfallið hófst. Kennarar skipuðu sinn fulltrúa í nefndina sama dag og verkfall hófst. Fulltrúi ríkisins var skipaður í lok síðustu viku. - ibs

122 hlutir hafa sést í hafi:

# Leitin að braki heldur áfram

**MALASÍA, AP** Á annað hundrað hlutir hafa sést á hafsvæði suðvestur af Ástralíu og þykja góðar líkur á því að þetta sé brak úr malasísku þotunni sem hvarf.

Engin staðfesting hafði þó fengist í gær á því að þetta væri í raun brak úr vélinni, en hlutirnir hafa sést bæði á gervitunglsmyndum og úr flugvélum.

Leit að brakinu hélt áfram í gær eftir hlé á þriðjudag vegna slæms veðurs. Tólf flugvélar og fimm skip taka þátt í leitinni. - gb



**TÁR FÉLLU** Kosovo-albanskur drengur ásamt ættingjum sínum við jöldaútförina í bænum Suva Reka í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir manna grafnir í gær, fimmtán árum eftir lát þeirra:

# Grimmdarverka minnst í Kosovo

**KOSOVO, AP** **Í gær voru 46 Kosovo-Albanar jarðsungnir í þorpunum Mala Krusa og Suva Reka í vestanverðu Kosovo. Fimmtán ár eru síðan mennirnir létu lífið í Kosovo-stríðinu, sem lauk árið 1999 í kjölfar 78 daga loftárása NATO.**

**27 líkanna voru grafin í þorpinu Suva Reka. Lík þessara manna höfðu verið grafin í fjöldagröf í Serbíu, í þeim tilgangi að reyna að leyna því að fjöldamorð voru framin.**

**Hin líkin voru grafin í þorpinu Mala Krusa, þar sem serbneskir hermenn drápu 112 manns, allt saman karlmenn, suma á barnsaldri, með því að skjóta þá fyrst og kveikja svo í þeim.** - gb

Faðir týndu systkinanna:

# Telur börnin vera á Íslandi

**LÖGREGLUMÁL** Faðir íslensku systkinanna sem Interpol kveður týnd segir móður barnanna hafa numið þau á brott í maí í fyrra. Líklega séu þau á Íslandi.

Börnin eru tíu og tólf ára gömul. Íslensk móðir þeirra hefur búið í Svíþjóð frá árinu 1983. Foreldrarnir skildu fyrir fimm árum. Móðirin er með fullt forræði en faðirinn umgengnisrétt. Hann segir sænsku lögregluna hafa rannsakað málið frá því í maí, þegar börnin hættu að mæta í skóla. Ekki fæst staðfest að málið sé á borði lögreglu hér á landi. - þþ

Segir af sér sem herforingi:

# Sissi býður sig fram til forseta

**EGYPTALAND, AP** Abdel-Fatteh el Sissi, egypski herforinginn sem síðasta sumar steypti Mohammed Morsi forseta af stóli, tilkynnti í gær að hann myndi nú bjóða sig fram til forseta.

Jafnframt sagði Sissi af sér í hernum.

Forsetakosningar hafa verið boðaðar í Egyptalandi í næsta mánuði og hefur lengi verið reiknað með því að Abdel-Fatteh el Sissi myndi bjóða sig fram. Almennt er einnig reiknað með því að hann muni bera sigur úr býtum. - gb

# Nemendur komnir að þolmörkum

Formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema segir að mörg dæmi séu um að nemendur geti ekki lengur stundað sjálfsnám. Viðræður kennara og ríkisins hafa gengið illa síðan launatilboð ríkis barst en kennarar höfnuðu því og bíða nú nýs tilboðs.

**KENNARAVERKFALL** Pattstaða hefur ríkt í kjaraviðræðum kennara og ríkisins síðan í gær.

Laufey María Jóhannsdóttir formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema segir að stjórn sambandsins líti svo á að nemendur séu komnir að þolmörkum og skólastarf verði að hefjast að nýju. „Við höfum verið að funda vegna stöðunnar og erum orðin mjög áhyggjufull,“ segir Laufey sem kveður mikla hættu á brotthvarfi úr skólunum. Hún aukist eftir því sem líði á verkfallið.

„Það eru margir sem ætla sér ekki að koma til baka fyrr en á næstu önn. Svo er spurning hvort þeir nemendur skili sér aftur í haust.“

Laufey segir að staðan sé mjög þröng í þeim skólum sem ekki sjá fram á að geta haldið uppi kennslu langt inn í sumarið. „Sem dæmi má nefna Menntaskólann á Laugarvatni þar sem íbúðir nemenda breytast í hótel strax í júní,“ bendir hún á. Þar hafi nemendur því ekki aðstöðu til að stunda áframhaldandi nám.

Laufey segir að samkennd nemenda með baráttu kennara hafi ekki minnkað þrátt fyrir að verkfall hafi dregist úr hófi fram, margir nemendur geti þó ekki lengur stundað sjálfsnám.

„Nemendum býðst mjög lítil námsráðgjöf í raun og veru. Kennarar mega ekki senda frá sér nein gögn svo mörg dæmi eru um að nemendur sem hafa haldið vel á spöðunum séu komnir að endastöð og búnir að vinna úr þeim gögnum sem þeir hafa á milli handanna.“



**BARÁTTUHUGUR** Framhaldsskólakennarar sem staddir voru í verkfallsmiðstöð kennara fengu þær fregnir í dag að launatilboði ríkisins hefði verið hafnað. Kennarar tóku því með lófataki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSENT

LAUFEY M. JÓHANNSDÓTTIR



FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

HANNA B. VILHJÁLMSDÓTTIR

Ríkissáttasemjari boðaði samninganefnd kennara og samninganefnd ríkisins á fund klukkan sex í gærkvöldi. Þá hafði ríkt pattstaða í viðræðunum frá því fyrr um daginn. Fulltrúar samninganefndar kennara lýstu því yfir í gær að launatilboð ríkisins væri móðgandi. Ákveðið var að halda næsta samningsfund fyrir hádegi dag.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, sem situr í samninganefnd kennara, sagði að ekki yrði samið á næstu dögum.

„Tilboðið sem við fengum í gær er ívið verra en það sem við fengum fyrr í mars. Við þurfum að ræða nýtt vinnumat og líka sem eiga að innleiðast í skólana árið 2015. Það eru flókin mál sem þarf að ræða fyrir utan launaliðinn en hann er forsenda þess að við höldum áfram að tala saman um aðra hluti,“ segir Hanna.

snaeros@frettabladid.is




Tillögur Seðlabankans um íslensku krónuna hafa ekki verið bornar undir EFTA:

# Gjaldeyrishöftin brjóta gegn EES

**KRÓNAN** Ríkisstjórn Íslands kannaði ekki hvort sú umgjörð sem Seðlabanki Íslands segir að þurfi um krónuna svo afnema megi gjaldeyrishöft uppfylli skilyrði EES-samningsins.

Þetta kemur fram í grein Árna Páls Árnasonar, formanns Samfylkingarinnar í dag. „Eftirlitsstofnun EFTA er nú þegar með í gangi mál gegn Íslandi vegna banns okkar við gengistryggðum lánum. Stofnunin telur því að bannið samrýmist ekki EES samningnum en þrátt fyrir það ganga tillögur Seðlabankans út á að það bann verði til frambúðar. Tillögurnar eru í raun bara vægari útgáfa af gjaldeyrishöftum.“

Árni segir að afar slæmt sé að nú eigi að loka annarri af tveimur leiðum Íslendinga í gjaldeyrismálum, það er upptaka evru með inngöngu landsins í Evrópusambandsins. „Er ríkisstjórnin svo vegavillt að hún sé ekki búin að leita hófanna með það hjá viðsemjendum okkar hvort svona umgjörð virki áður en hún lokar hinni leiðinni? Ég trúði því bara ekki fyrr en ég spurði að þessu í dag. Forsetinn sagði þvert og skýrt nei, það hefði ekki verið gert.“

Fréttablaðið reyndi að ná tali af Oda Helen Sletnes, forseta Eftirlitsstofnunar EFTA, vegna málsins en án árangurs. - ssb / sjá síðu 18

> **Tillögurnar eru í raun bara vægari útgáfa af gjaldeyrishöftum.**
>
> *Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.*



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Ræddi við forseta Eftirlitsstofnunar EFTA í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




ENNEMM / SIA / NM61500

## SVONA ERUM VIÐ



**26** **þúsund hrafnar voru veiddir á Íslandi árin 2005 til 2012.**

Veiðar hafa hins vegar dregist saman og til samanburðar voru 7.100 hrafnar drepnir árið 1995, en mest 3.500 á fyrrnefndu tímabili.



**SKEIÐARÁRSANDUR** Hlaup í Gígjukvísl er ekki talið ógna brúnni yfir ána á Skeiðarársandi. LANDHELGISGÆSLAN/ÁS

Rennslið í 1.000 rúmmetra:

## Lítið hlaup í Gígjukvísl

**NÁTTÚRUFAR** Jökulhlaup er hafið í Gígjukvísl, að því er fram kemur á vatnafarsvef Veðurstofu Íslands. Ekki er talin hætta af hlaupinu, sem kemur úr Grímsvötnum.

„Samkvæmt mælingum Jarðvísindastofnunar Háskólans er vatnsmagn í Grímsvötnum nú svipað og fyrir lítið hlaup í nóvember 2012,“ segir á vef Veðurstofunnar. Búast megi við því að hámarksrennsli í hlaupinu nú verði svipað og þá, núna í lok vikunnar, eða um 1.000 rúmmetrar á sekúndu. **- óká**

19 efnalaugar kannaðar:

## Engin verðskrá á þremur stöðum

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa fór í nítján efnalaugar á höfuðborgarsvæðinu í mars og kom í ljós að verðskrá var ekki sýnileg hjá þremur þeirra. Það voru Efnalaugin Geysir, Þvottahúsið Faghreinsun og Fatahreinsun Kópavogs.

Á vefsíðu Neytendastofu segir að fyrirtæki eigi að verðmerkja allar vörur og þjónustufyrirtæki að birta verðskrá með sölustað. Fólk er hvatt til að senda ábendingar um verslanir sem ekki fara að þessum reglum. **- fb**

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt frá tímasetningu sýningarinnar Línur í blaðinu í gær. Hið rétta er að sýningin, sem er á vegum Ellenar Loftsdóttur, Hildar Yeoman og Barkar Sigþórssonar, hefst í Hörpu í dag klukkan 17.

# Rúmur helmingur heimila skuldar tuttugu milljónir

Samkvæmt skuldaleiðréttingarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar getur meðalhúsnæðislán lækkað um fimmtung. Stjórnarandstaðan telur að þeir sem þurfa ekki á leiðréttingum að halda fái þær á kostnað efnaminni.




**SKULDALEIÐRÉTTINGIN KYNNT** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynntu í gær skuldaleiðréttingarfrumvörp ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

**EFNAHAGSMÁL** „Fólk getur farið inn á vef ríkisskattstjóra 15. maí og skráð sig. Þá fara hjólin að snúast og útreikningar hefjast,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er hann kynnti frumvörp um skuldaleiðréttingar og séreignarsparnað.

Umsóknartímabilinu lýkur 1. september. Fljótlega þar á eftir fær fólk vitneskju um hversu mikið höfuðstóll húsnæðislána lækkar.

Heildarumfang aðgerðanna beggja er metið á 150 milljarða og ná þær til allt að 100 þúsund heimila en heimili í landinu eru 125 þúsund. Samanlög áhrif aðgerðanna eru talin geta lækkað dæmigert húsnæðislán um 20 prósent.

Rúmlega fjögur af hverjum tíu heimilum sem fá leiðréttingu á lánum voru með minna en 6 milljónir í árstekjur árið 2009 og sex af hverjum tíu með árstekjur undir átta milljónum. Rúmlega helmingur þeirra heimila, sem fá niðurfellingu, skulda í kringum 20 milljónir í eftirstöðvum af lánum.

Heimili sem skráð voru með verðtryggð fasteignalán á árunum 2008 og 2009 eiga rétt á leiðréttingu á húsnæðislánum sínum. Í árslok 2009 voru þau heimili tæplega 74 þúsund.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að mikill meirihluti þeirra ætti rétt á leiðréttingu eða rúmlega níu af hverjum tíu. Meðalniðurfærslan á lánunum verður rúmlega 1,1 milljón króna. Tæplega helmingur heimila fær niðurfærslu á húsnæðislánum sínum á bilinu 500 þúsund krónur til 1,5 milljóna. Hámark niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána verður fjórar milljónir á heimili.

Þá að hinum þættinum sem á að koma skuldugum heimilum til góða. Það er frumvarp til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Annars vegar er gert ráð fyrir úrræði sem heimilar fjölskyldu að ráðstafa séreignarsparnaði inn á veðlán vegna íbúðarhúsnæðis. Skilyrði er að lánin séu tryggð með veði í íbúðarhúsnæði og þau séu grundvöllur útreiknings vaxtabóta. Hins vegar er heimild til ráðstöfunar iðgjalda sem safnast hafa upp á tilteknu tímabili til kaupa á íbúðarhúsnæði.

Bjarni sagði ýmsa geta notið góðs af þessu úrræði. „Allt það fólk sem hefur tapað fasteign sinni í þeim efnahagsþrengingum sem hafa orðið undanfarin ár yfir til þeirra sem leigja,“ sagði Bjarni og bætti við að úrræðið kæmi sér líka vel fyrir þá sem eru að koma í fyrsta skipti inn á fasteignamarkaðinn.

„Við höfum búið við kerfi þar sem hvatinn hefur verið að taka há lán. Þetta nýja fyrirkomulag, sem þó gengur ekkert á fyrra fyrirkomulagið, byggir á að það sé skynsamlegt að leggja fyrir, til þess að eiga fyrir fasteignakaupunum,“ sagði Bjarni. Með kerfinu væri dregið úr vaxtabótum til framtíðar.

Um er að ræða tímabundin skattfrjáls úrræði til þriggja ára þegar greiða á inn á lán en tímamörkin eru fimm ár í tilviki húsnæðissparnaðar. Hægt er að feta þessa braut frá og með 1. júlí næstkomandi til 30. júní 2017. Hámarksfjárhæð á ári er 500 þúsund á fjölskyldu eða 1,5 milljónir á þremur árum.

johanna@frettabladid.is

## Lágmarksleiðrétting er 20 þúsund krónur

Leiðrétting á verðtryggðum lánum getur að hámarki orðið 4 milljónir á heimili og að lágmarki 20 þúsund krónur. Allar fjárhæðir á milli 20 þúsund og 200 þúsund fara inn í skattkerfið sem persónuafsláttur og dreifast yfir fjögur ár. Ef niðurstaða útreiknings er 20 þúsund eða lægri fellur réttur til leiðréttingar niður.

## RÁÐSTÖFUNARTEKJUR AUKAST UM 22 ÞÚSUND

Fjölskylda í Grafarvogi er með 700 þúsund krónur í tekjur á mánuði. Eftirstöðvar húsnæðisláns frá árinu 2008 eru 22 milljónir. Fjölskyldan ákveður að lækka höfuðstólinn með séreignarsparnaðarleiðinni um 1,5 milljónir, til viðbótar fær fjölskyldan 1 milljón í höfuðstólsleiðréttingu. Lánið lækkar í 19,5 milljónir og ráðstöfunartekjur fjölskyldunnar aukast um 22 þúsund.

## ➜ Stjórnarandstaðan gagnrýnir tillögur ríkisstjórnarinnar um skuldaleiðréttingar:

## ÓVIÐUNANDI, ÓRÉTTLÁTT, VOND HAGSTJÓRN OG RÖNG FÉLAGSLEG FORGANGSRÖÐUN

„Við fyrstu sýn virðist sem þetta sé langt frá því að standast prófið um réttlæti. Forsendubresturinn er ekki bættur hjá því fólki sem varð fyrir honum og fólk sem jafnvel hagnaðist á þróun síðustu ára mun fá fé úr ríkissjóði,“ segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

„Það sem ég hef áhyggjur af í þessu er að félagslega sé þetta ekki rétt forgangsröðun. Það kemur fram að þeir sem eru tekjuhærri eru að fá 15 prósent af þessari niðurfellingu. Við höfum því áhyggjur af því að þessi aðgerð dugi ekki til fyrir þá sem eru í raunverulegum greiðsluvanda,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

„Þetta er undir merkjum réttlætis en við eigum mjög erfitt með að sjá réttlætið í því að fólk sem á verðmætar eignir sem hafa hækkað í verði og hefur góðar tekjur fái talsvert fé beint úr ríkissjóði,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

„Ég held að kjósendur Framsóknarflokksins verði að gera það upp við sig hvort þetta sé stóri lottóvinningurinn eða ekki. Þetta er öðruvísi en það sem var lofað,“ segir Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata. **- ssb**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 13° | New York | 6° |
| Aþena | 19° | Gautaborg | 8° | Orlando | 22° |
| Basel | 12° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 9° |
| Berlín | 12° | Las Palmas | 20° | París | 13° |
| Billund | 7° | London | 10° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 16° | Mallorca | 14° | Stokkhólmur | 8° |



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt og víða bjart.

**LAUGARDAGUR** Hægur eða fremur hægur vindur.

**BIRTIR, DREGUR ÚR VINDI OG KÓLNAR HELDUR** næstu daga og má búast við bjartviðri víða um helgina en þó gæti dregið fyrir sólu og súldað með suðurströndinni.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

PIPAR\TBWA - SÍA - 140914

# -10 kr.

## af lítranum í dag,

## OG

## fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair




Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur **600 Vildarpunkta**.

Afslátturinn gildir bæði á ÓB- og Olís-stöðvum.



**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!**



**Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.**

ICELANDAIR SAGA CLUB

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar eru helstu tímgunarstöðvar Íslandssléttbaksins?
**2.** Hvar í röðinni er Pollapönk á fyrra undanúrslitakvöldinu í Eurovision?
**3.** Hve mikið af sígarettum hefur verið flutt inn til Íslands síðustu 13 árin?

**SVÖR:**

**1.** Við Nova Scotia. **2.** Fimmta. **3.** 5.200 tonn.

Um 80 kennaranemar telja að háskólar og menntamálaráðuneytið hafi brotið á þeim við útgáfu leyfa:

# Kennaranemar kvarta til umboðsmanns

**MENNTAMÁL** Umboðsmanni Alþingis hefur borist formleg kvörtun um 80 kennaranema sem telja að menntamálaráðuneytið hafi brotið á þeim við útgáfu starfsleyfa til kennara.



**HJÖRDÍS BIRNA HJARTARDÓTTIR**

Að sögn Hjördísar Birnu Hjartardóttur, lögmanns kennaranemanna, er kvörtunin tvíþætt. Hún snýr annars vegar að viðbrögðum Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík þar sem umræddir nemendur stunduðu nám sitt.

Nemendurnir telja að háskólarnir hefðu átt að laga kennaranámið að kröfum nýrra laga sem sett voru 2008 og kynna breytingarnar. Að mati umbjóðenda Hjördísar Birnu fór hvort tveggja úrskeiðis.

Hins vegar lýtur kvörtun kennaranemanna að vinnubrögðum menntamálaráðuneytisins við útgáfu leyfisbréfa til samnemenda umbjóðenda Hjördísar Birnu. Ráðuneytið hafi gefið út leyfisbréf til 15 til 20 nemenda sem stunduðu nám á sama tíma og umbjóðendur hennar.

Ráðuneytið hafi gefið þær skýringar að þetta hafi verið mistök en á sama tíma haldið áfram að gefa út leyfisbréf til valinna nemenda í meira en ár eftir að ráðuneytinu höfðu borist ábendingar um málið. Hjördís Birna segir jafnframt að ráðuneytið hafi neitað að veita aðgang að upplýsingum um hvort fleiri dæmi séu um mismunun.

Hjördís Birna segir að því hafi ekki annað verið í stöðunni en að kvarta formlega til umboðsmanns Alþingis.

- jme

➜ Kennaranemar telja að laga eigi nám þeirra að lögum sem sett voru árið 2008.



**SAMEINAÐIR** Brjánn Jónsson frá Símafélaginu og Brynjar Jónsson hjá Netsamskiptum.

Fjarskiptafélög sameinast:

## Höfðu áður aukið samstarf

**VIÐSKIPTI** Rekstur Símafélagsins og Netsamskipta í Reykjanesbæ hefur verið sameinaður undir merkjum Símafélagsins. Fram kemur í tilkynningu að styrkja eigi starfsstöð sameinaðs reksturs á Suðurnesjum.

„Með sameiningunni verður til stærri og öflugri rekstrareining og gefur okkur aukna möguleika að mæta betur þeim fjölmörgu verkefnum sem fram undan eru," er haft eftir Brjáni Jónssyni, framkvæmdastjóra Símafélagsins. Félögin eru á undanförnum árum sögð hafa aukið samstarf sitt verulega.

- óká

Vinnumarkaðsrannsókn:

## Atvinnuleysi rúm 4 prósent

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi í febrúar mældist 4,2 prósent samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Það jafngildir því að 7.700 manns hafi verið án atvinnu og í atvinnuleit.

Heldur færri voru án vinnu í febrúar í ár en í sama mánuði í fyrra. Munurinn er hálft prósentustig.

Á vinnumarkaði eru að jafnaði rúm 181 þúsund manns. Af þeim voru 174 þúsund í vinnu. Atvinnuþátttaka mældist rúm 79 prósent.

- jme

# Reykjaneshöfn hefur tapað 2,8 milljörðum á fimm árum

Fyrirtæki sem rekur hafnir Reykjanesbæjar skuldar 7,3 milljarða króna. Fulltrúi minnihlutans í bæjarstjórn gagnrýnir fjárhagsáætlanir bæjarins. Óvissan um iðnaðaruppbygginguna í Helguvík setur strik í reikninginn.

**SVEITARSTJÓRNIR** Tap Reykjaneshafnar í fyrra nam 650 milljónum króna. Fyrirtækið hefur tapað rúmum 2,8 milljörðum króna á síðustu fimm árum og skuldar nú 7,3 milljarða.

„Skuldirnar hafa sjöfaldast frá árinu 2002 en á meðan hafa tekjurnar verið oftaldar og tapið margfalt meira en áætlanir meirihlutans gerðu ráð fyrir," segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar.

Reykjaneshöfn er í eigu bæjarfélagsins og starfsemin fjármögnuð með tekjum af rekstri fimm hafna. Uppbygging svæðisins við Helguvíkurhöfn hefur síðustu ár verið stærsti kostnaðarliðurinn í framkvæmdum fyrirtækisins. Áform um iðnaðaruppbygginguna á svæðinu hafa ekki orðið að veruleika og Reykjanesbær hefur því þurft að endurfjármagna rekstrurinn með lántökum. Kostnaður vegna þeirra ræður nú úrslitum um afkomu fyrirtækisins.

„Það er augljóst að tekjur hafa staðið á sér og fjárfestingin hefur ekki enn borgað sig og menn hafa farið í endurfjármögnun og bera uppi mjög þungan kostnað af þessu. Von okkar og vissa er að um leið og þessi verkefni í Helguvík sem eru á borðinu fara af stað, og ég get nefnt fimm verkefni, muni þetta snúast fljótt við," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Hann nefnir tvær kísilmálmverksmiðjur, álver, vatnsverksmiðju og glýkólverksmiðju.

Í frétt um síðasta ársreikning Reykjaneshafnar á vef fyrirtækisins segir að vonir séu bundnar við að framleiðsla 270 þúsund tonna álvers Norðuráls í Helguvík hefjist á næsta ári.



**„Þessi gagnrýni hefur verið í tíu, tólf ár en við teljum að það þurfi að fjárfesta til að afla fjár.**

*Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.*

„Meirihlutinn er búinn að lofa álveri síðan 2006 og þessi framtíðarsýn er búin að vera í ársreikningum fyrirtækisins síðan þá. Þetta álver er eins og allir vita eitt stórt spurningamerki," segir Friðjón. „Áætlanagerðin öll þessi ár hefur byggst á draumsýn og aldrei staðist og við höfum eytt langt um efni fram og nú stöndum við ekki undir skuldunum. Menn hafa talið gullpeningana í kassann áður en þeir koma og því höfum við þurft að taka yfirdrátt og selja eignir til að bjarga okkur," segir Friðjón og nefnir meðal annars fyrirhugaða sölu bæjarins á fimmtán prósenta hlut í HS Veitum.

Árni segist skilja gagnrýni á rekstur Reykjaneshafnar.

„Þessi gagnrýni hefur verið í tíu, tólf ár en við teljum að það þurfi að fjárfesta til að afla fjár. Þeir sem þekkja til framkvæmda í Helguvík vita að þarna er búið að undirbúa hafnarmannvirki, lóðir og annan aðbúnað svo það verði hægt að taka við stórum fyrirtækjum. Við væntum þess að endurgjöldin kæmu mun fyrr og það hefur verið mjög miður að þurfa að sitja uppi með fjárfestingu í þetta mörg ár án þess að hún sé að skila sér og það hefur verið erfitt fyrir sveitarfélagið að standa undir því."

haraldur@frettabladid.is



**HELGUVÍK** Lóðaúthlutun Reykjaneshafnar í Helguvík hefur nánast stöðvast frá árinu 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**„Menn hafa talið gullpeningana í kassann áður en þeir koma.**

*Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ.*





**Loksins á Íslandi!**

**Nicotinell með Spearmint bragði**

**- auðveldar þér að hætta reykingum**

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# TAX FREE

# DAGAR

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT***
**AF ÖLLUM HERRAFATNAÐI**
**OG HERRASKÓM**
**27.-31. MARS.**



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 31. mars.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Einar Örn sagði upp störfum:

## Hættir sem forstjóri Skeljungs

**VIÐSKIPTI** Einar Örn Ólafsson hefur óskað eftir því að láta af störfum sem forstjóri Skeljungs.



EINAR ÖRN ÓLAFSSON

Stjórn Skeljungs hefur komist að samkomulagi við Einar um að hann starfi áfram sem forstjóri og verði félaginu til ráðgjafar þangað til nýr forstjóri hefur verið ráðinn. Einar hefur stýrt félaginu frá árinu 2009. **- hg**

Bæjarstjóri Kópavogs setti spurningarmerki við tillögu um að bæjarfulltrúar teljist vera í fullu starfi:

# Ómögulegt að bæjarfulltrúar ákveði laun

**SVEITARSTJÓRNIR** Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, setti spurningarmerki við tímasetningu tillögu Ómars Stefánssonar, bæjarfulltrúa Framsóknarflokks, í fyrradag um að starf bæjarfulltrúa verði fullt starf. Ármann taldi hana ekki við hæfi vegna þeirra kjaradeilna sem nú eru í gangi á milli kennara og ríkisins.

Ármann bætti við að hann teldi ekki rétt að bæjarfulltrúar ákveddu sjálfir laun sín. „Ég hef lagt til að það verði gert á öðrum vettvangi, jafnvel með tengingu til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er ómöguleg staða að við séum að ákveða launin okkar. Við erum sett í erfiða stöðu,“ sagði Ármann.

Umræður sköpuðust um mikla launahækkun bæjarfulltrúa ef starfið færi úr 27 prósentum í 100 prósent, ef miðað yrði við þingfararkaup eins og kom fram í fyrri tillögu Ómars. Hún var ekki lögð fram í bæjarráði.

„Hins vegar hefur þingfararkaup verið notað til viðmiðunar mjög víða,“ sagði Ármann. „Það sem er gott við það er að kjaradómur ákveður þóknunina. Þá þarf bæjarstjórnin ekkert að fjalla um neitt slíkt. Það er dálítið sérstakt að taka mið af kennaralaunum því við erum þátttakendur í þeim kjaraviðræðum.“ **- fb**



**Í PONTU** Ármann Kr. Ólafsson í pontu á bæjarstjórnarfundinum á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LEIÐTOGAR BANDARÍKJANNA OG EVRÓPUSAMBANDSINS** Jose Manuel Barroso, Barack Obama og Herman Van Rompuy hittust í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin og Evrópusambandið fordæma Rússa:

# Refsiaðgerðir aðeins ef Rússar gera meira

**ÚKRAÍNA** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir Rússa greinilega hafa misreiknað sig, hafi þeir búist við því að þeir gætu rekið fleyg á milli Bandaríkjanna og Evrópu í Úkraínumálinu.

Þetta sagði Obama að loknum fundi með Herman van Rompuy, forseta ráðs Evrópusambandsins, og Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, í Brussel í gær.

Obama sagði Bandaríkin og ESB vera á einu máli um hugsanlegar refsiaðgerðir gegn Rússlandi vegna innlimunar Krímskaga. Einangrun Rússlands muni aukast haldi þeir áfram á sömu braut.

Í sameiginlegri yfirlýsingu létu Bandaríkin og Evrópusambandið sér samt nægja að fordæma ólöglega innlimun Krímskagans og hvetja Rússa til þess að taka þátt í viðræðum við Úkraínu í von um að pólitísk lausn finnist. Gangi Rússar lengra megi þeir hins vegar búast við „víðtækum viðbótarafleiðingum fyrir samskipti Evrópusambandsins og Bandaríkjanna við Rússland á breiðu sviði efnahagsmála.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

## OFBELDISTAL TÍMÓSJENKÓ VEKUR FURÐU

Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, fór hörðum orðum um Vladímír Pútín og Rússa almennt í nýlegu símtali við náinn samstarfsmann sinn, Nestor Sjúfrítsj. Svo hörðum reyndar að stjórnmálamönnum í Evrópu þykir nóg um.

Hún sagðist reiðubúin til að taka sér vélbyssu í hönd og „skjóta þennan drullusokk í ennið“, auk þess sem nú þurfi að nota kjarnorkuvopn á hinar átta milljónir Rússa sem búa í Úkraínu.

Símtalinu var lekið í fjölmiðla, en Tímósjenkó hefur staðfest að rétt sé með farið, að því þó undanskildu að þetta með kjarnorkuvopnin sé tilklippt úr símtalinu.

Frá þessu er skýrt á vef þýska tímaritsins Der Spiegel. Þar er haft eftir Stephen Seibert, talsmanni stjórnar Angelu Merkel, að „ofbeldisórar“ af þessu tagi séu langt fyrir utan öll mörk eðlilegrar umræðu.







Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND

Niðurstöður rannsóknar breskra vísindamanna:

# Hærri þrýstingur þegar læknir mælir

Þegar læknir mælir blóðþrýstinginn hjá sjúklingi mælist hann hærri en þegar hjúkrunarfræðingur mælir þrýstinginn. Þetta sýna niðurstöður gagna sem skoðuð voru í læknadeild Háskólans í Exeter á Englandi.

Fyrirbrigðið er kallað „áhrif hvíta sloppsins“, að því er segir í grein í British Journal of General Practice. - ibs



**BLÓÐÞRÝSTINGUR MÆLDUR** Mismunandi áhrif mælinga lækna og hjúkrunarfræðinga voru skoðuð í breskum háskóla.

Ungmenni tjá tilfinningar sínar með því að gera kvikmynd um sig:

# Kvikmyndagerð betri en samtöl

Geri ungmenni sem glíma við vandamál kvikmynd um sig sjálf hjálpar það þeim að tjá tilfinningar sínar betur en hefðbundin viðtalsmeðferð hjá heilbrigðisstarfsfólki. Þetta er niðurstaða rannsóknar þverfaglegs teymis sálfræðinga og mannfræðinga við Háskólann í Tromsø í Noregi sem segir að setja eigi tökuvél í hendur ungmennanna.

Á vefnum forskning.no er haft eftir prófessor við háskólann að um sé að ræða skapandi verkefni sem veiti nýja möguleika. Ungmennin gera kvikmynd um daglegt líf sitt og vandamál og síðan fær fjölskyldan að horfa á myndina auk umönnunaraðila. Kvikmyndirnar hafa þótt gefa svör við því hvers vegna ungmennin bregðast við eins og þau gera.

Ekki hefur verið mælt hvort heilsa ungmennanna hafi batnað en þó virðist sem þau hafi náð betri tökum á lífi sínu, að því er haft er eftir þeim sem standa að verkefninu. - ibs



**ERFIÐLEIKAR** Ungmenni eiga stundum erfitt með að tjá tilfinningar sínar. NORDICPHOTOS/GETTY







**TANNBURSTUN** Anna Eiríksdóttir skólahjúkrunarfræðingur kennir börnum í Klébergsskóla að bursta tennurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Átak í tannhirðu barna

Skólahjúkrunarfræðingur varð var við lélega tannheilsu nemenda. Kennir þeim að bursta tennur og bendir á nauðsyn heimsókna til tannlæknis.

Þegar Anna Eiríksdóttir kom til starfa sem skólahjúkrunarfræðingur við Klébergsskóla á Kjalarnesi fyrir þremur árum ákvað hún að gera átak í fræðslu um tannhirðu og tannvernd. „Ég varð vör við lélega tannheilsu hjá sumum börnum og leitaði ráða hjá barnatannlækni um hvernig ég ætti að bera mig að. Markmið mitt var að koma öllum börnum til betri tannheilsu. Liður í því var að kenna börnunum að bursta tennurnar og benda foreldrum á nauðsyn tannhirðu og þátt sjúkratrygginga í tannviðgerðum barna,“ segir Anna.

Viðbrögð foreldra voru misjöfn í fyrstu, að því er Anna greinir frá. „Tannheilsa barnanna er orðin slæm þegar ég sé brúna bletti í tönnunum vegna skemmda. Þegar svo er hef ég hringt í foreldrana sem í öllum tilfellum hafa farið eftir mínum tilmælum um að fara með barnið sitt til tannlæknis. Ef barn býr við vanheilsu lít ég svo á að það sé skylda mín að það komist til heilsu.“

Það er mat Önnu að ástandið sé nú orðið betra, bæði hvað varðar þátt foreldranna og kunnáttu barnanna. „Það er mikilvægt að leggja áherslu á að börnin læri að bursta tennurnar og sérstaklega þegar misbrestur virðist vera á þeim þætti hjá foreldrum. Það er gaman að sjá hvað börnin taka virkan þátt í fræðslunni um tannhirðu og bursta tennurnar öflugt í verklegu kennslunni hjá mér. Þau læra líka að nota tannþráð og skola tennurnar með flúor. Ég tel að ef börnin halda þessu við og bursta tennurnar reglulega verði þau í góðum málum. Þegar þau yngstu fá fullorðinstennurnar eiga þau að kunna að hirða þær.“

Skólahjúkrunarfræðingurinn segir að miðað sé við að börn fái aðstoð foreldra við tannburstun þar til þau eru 10 ára. „En það á líka að láta þau bursta sjálf til að þau læri handtökin. Það á að bursta tennurnar í tvær mínútur kvölds og morgna.“

ibs@frettabladid.is







# DEBENHAMS

# VOR ÚTSALAN
# ER HAFIN
# 30-70%
## AFSLÁTTUR

**20%** afsláttur af öllum sundfötum fyrir dömur, herra og börn*

*Gerðu lífið skemmtilegra*

*GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

**Opið** 11 - 21 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Tillögur ríkisstjórnarinnar kynntar í gær:

# Hvar sækir þú um leiðréttingu?

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin tilkynnti um höfuðstólsleiðréttingar sínar á blaðamannafundi í gær. Á vefsíðunni leidretting.is verður hægt að sækja um leiðréttinguna frá 15. maí næstkomandi til 15. september.

Á fundinum kom þetta m.a. fram: „Til að sækja um höfuðstólsleiðréttingu og/eða ráðstöfun á séreignarsparnaði þínum vegna veðlána heimilis þíns þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, eða veflykli ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri hvetur umsækjendur til að notast við rafræn skilríki, en þeir sem auðkenna sig þannig geta fylgst með stöðu umsóknarinnar þar til afgreiðslu hennar er lokið.“ - fb

**NEYTANDINN: Heiðar Örn Kristjánsson Pollapönkari**

# Húsið verstu kaupin



Bestu kaup Heiðars Arnar Kristjánssonar Pollapönkara er sænskur þurrkari sem hann keypti notaðan á aðeins fimm þúsund krónur.

„Ég er búinn að ganga í gegnum nokkra þurrkara og hef oft keypt þetta nýtt. Þetta er oftast handónýtt eftir stuttan tíma en þessi rúllar alveg endalaust. Þetta er sænsk gæðavara,“ segir Heiðar Örn hress. „Þetta er Ariston-þurrkari sem heldur mér alveg þurrum, eins langt og það nær.“

Hann á auðvelt með að nefna verstu kaupin sín. „Ég keypti hús, tilbúið undir tréverk, kortér í hrun og er enn þá að berjast á móti vindi. Ég held að það sé alveg sama hvað ég kaupi mér í framtíðinni, ég á aldrei eftir að gera jafn slæm kaup,“ segir hann.

„Ég bý í þessu húsi enn þá, en með herkjum. Mig vantar enn þá einhverjar hurðir. Ef fólk á hurðir handa mér, panil í loftið og gólfefni má það hafa samband. Húsið er eiginlega enn þá tilbúið undir tréverk.“ - fb

# Orðsnilld og Apple TV njóta vinsælda

Hverjar ætli séu vinsælustu fermingargjafirnar í ár? Fréttablaðið heyrði í starfsfólki tveggja verslana í Reykjavík og fékk það til að nefna þær vinsælustu hjá sér.

**FERMINGAR** „Fólk hefur mikið verið að kaupa alveg ótrúlega fallega seríu sem er gefin út af Forlaginu. Þetta eru þrjár bækur, appelsínugul, neongræn og grá, sem heita Íslensk orðsnilld, Gæfuspor og Íslensk kvæði,“ segir Svanborg Sigurðardóttir hjá Eymundsson í Austurstræti, spurð út í vinsælustu fermingargjafirnar í versluninni.



BJARNI ÁKASON

„Síðan er fólk alltaf hrifið af að gefa orðabækur, til dæmis Íslenska orðabók og Samheitaorðabók. Það er líka enn þá mikill áhugi á að gefa ljóðasöfn eftir til dæmis Stein Steinarr, Davíð Stefánsson og Jónas Hallgrímsson,“ segir hún og bætir við að 501-bækurnar séu líka ótrúlega vinsælar til fermingargjafa. „Þær kosta ekki mikið og eru vel myndskreyttar. Það er ótrúlega fallegt að raða þremur svona saman.“

Töluvert er um að unglingar gefi hver öðrum fantasíubækur og þar eru vinsælastar bækur Johns Green. „Það er mesti unglingametsöluhöfundur sem við höfum séð á árinu. Krakkarnir eru á kafi í þessum fantasíum.“






**SVANBORG SIGURÐARDÓTTIR** Að sögn Svanborgar eru krakkar duglegir við að gefa hver öðrum fantasíubækur í fermingargjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hin ýmsu tæki og tól verða vinsælli með hverju árinu. „Apple TV er sjóðheitt,“ segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is, um vinsælustu fermingargjöfina þar á bæ. Þar á eftir nefnir hann til sögunnar iPhone 5S, MacBook Air 13" og loks iPad Mini.

Sumir vilja hafa einfaldleikann í fyrirrúmi og kjósa að gefa fermingarbarninu pening. Tvær upphæðir eru líklegastar til að fylgja með í umslaginu, fimm þúsund krónur, eða hinn nýi tíu þúsund króna seðill sem gæti komið sterkur inn í ár.

freyr@frettabladid.is



# CLINIQUE

## dagar í Hagkaup

27. mars – 2. apríl

**Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira***

KAUPAUKINN INNIHELDUR:

- All About Eyes augnkrem, 7ml
- Repairwear Lacer Focus serum, 7ml
- Superdefence CC Cream Spf 30, 15ml
- High Impact Maskara, 3.5ml
- High Impact Varalit, fulla stærð, litur Rosette

*Meðan birgðir endast.







**NÝTT**

**Redness Solution Makeup SPF 15**

Loksins kominn farði sem er fullkominn fyrir viðkvæma/rósroða húð. Farðinn er olíulaus, róar og sefar húðina. Hann hylur vel og hefur einstaklega fallega áferð. Hentar öllum húðgerðum.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*



# HEIMURINN ER

# RE

er ek[...] hegðun og hinir efstu [...] við brautryðjendur. Framtíðin [...] alltaf að breytast út frá breytilegum stæðum nútíðarinnar. Fiðrildaáhrifin leiða til mikillar breytingar og margt smátt gerir eitt stórt.

„Tilvera okkar er undarlegt ferðalag" hafa margir sagt en er hún svo undarleg? Margir hafa efast um hvernig hægt er að lifa í heiminum í dag án þess að vera með sífelldar áhyggjur af hinu og þessu. Lífið er ekki bara saltfiskur, heldur svo miklu meira. Við upplifum, [...], athugum og þráum [...]rnir eru til staðar þó svo [...], en þeir skipta máli. [...] saltfiskurinn skiptir [...] ef við gætum einfaldað [...] fengið einfaldari [...]

[...] að finna [...] frelsis. [...] upplifði einungis hluta fr[...] hindranir voru á hans ve[...] takmörkuðu hans frelsi. Hann k[...] ekki burt af eyjunni þó svo hann [...] leikið sér þar og ráfað um að vild. Hann þurfti ekki að sinna neinum nema sjálfum sér. Engar skyldur eða kvaðir voru lagðar á hann en skapgerð hans skerti frelsið hans, ásamt eyjunni. Það er því gott að upplifa eitthvað frelsi og helst fá að hafa ferðafrelsi, ásamt [...] frelsi til athafna. Sáttin kemur [...] einstaklingur upplifir öryggi og [...]



AÐ SKIPTA YFIR Í
ED
áhyggjuleysi.
heim er hægt að finna
Frelsið er
þó fangi. Hann
frelsis.
á hans vegi
og eru frekar eðlilegir og
óþvingaðir. Fjölskyldulíf
vinátta skipta þá meira máli
efnislegir hlutir –
skiptir minna máli.

Máli embættis sérstaks saksóknara gegn Hannesi Smárasyni vísað frá dómi:

# Vísað frá vegna óskýrrar ákæru



**FORMGALLI** Fulltrúi sérstaks saksóknara sagði embættið myndu segjast yfir málið í kjölfar frávísunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær máli sérstaks saksóknara á hendur Hannesi Smárasyni frá dómi. Ástæða frávísunarinnar var sú að dómari taldi lýsingu á háttsemi Hannesar í ákæru óskýra.

Hannes var í nóvember í fyrra ákærður fyrir að hafa dregið sér tæplega þrjá milljarða króna af fjármunum FL Group í apríl 2005 þegar hann gegndi stjórnarformennsku í félaginu. Var Hannes í ákærunni sagður hafa millifært fjárhæðina af reikningum FL Group á á bankareikning Fons eignarhaldsfélags án vitneskju þáverandi forstjóra og stjórnar FL Group.

Embætti sérstaks saksóknara hefur nú þrjá daga til að ákveða hvort úrskurður héraðsdóms verði kærður til Hæstaréttar. Finnur Þór Vilhjálmsson, fulltrúi sérstaks saksóknara, sagði embættið myndu setjast yfir málið en vildi ekkert gefa upp um líkur á því að úrskurðurinn yrði kærður. Gísli Guðni Hall, verjandi Hannesar, segir ríkisvaldið hljóta að skoða það rækilega hvort ástæða sé til þess að kæra úrskurð héraðsdóms.

Þetta er annað málið á skömmum tíma sem embætti sérstaks saksóknara höfðar og héraðsdómur vísar frá vegna formgalla í ákæru, en Héraðsdómur Reykjaness vísaði Aserta-málinu svokallaða frá á sömu forsendum á dögunum. - kak / fbj

➜ Þetta er annað málið á skömmum tíma sem sérstakur saksóknari höfðar og héraðsdómur vísar frá vegna formgalla í ákæru.



**VÍÐTÆK ÞÝÐING** Lögmaður Haga segir málið geta haft víðtæka þýðingu fyrir aðrar vörutegundir og neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hagar stefna ríkinu í dag

Krefjast ógildingar á ákvörðun landbúnaðarráðherra um að hafna beiðni um úthlutun opins tollkvóta fyrir innflutning á ostum og lífrænum kjúklingi.



**PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON**

Verslunarfyrirtækið Hagar mun birta ríkislögmanni stefnu í dag vegna þess að landbúnaðarráðherra synjaði félaginu um opinn tollkvóta á lífrænum kjúklingi og ákveðnum tegundum af ostum sem ekki eru framleiddir hér á landi.

Málshöfðun Haga byggir á því að mikil eftirspurn sé eftir þessum vörum hér á landi en framleiðsla þeirra ýmist engin eða hverfandi og anni þannig á engan hátt eftirspurn sem sé meiri en framboð.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður Haga, segir um að ræða tímamótamál hvað varðar réttindi neytenda. „Við erum bjartsýn, enda sannfærð niðurstaða ráðuneytisins sé röng. Þetta mál getur auk þess haft mjög víðtæka þýðingu vegna fleiri vörutegunda og skiptir því neytendur miklu máli að jákvæð niðurstaða fáist í málið. Gangi það eftir munu neytendur geta fengið fjölbreyttari og ódýrari matvæli en hingað til,“ segir Páll í samtali við Fréttablaðið. Í ljósi þessara miklu hagsmuna hafi ætlunin því verið að fá flýtimeðferð hjá dómstólum, en því hafi verið hafnað. Málið verði því rekið með hefðbundnum hraða. „Álag á dómstólum er mikið og því kröfur til flýtimeðferðar afar strangar nú um stundir“.

Hann segir að hafi Hagar sigur í málinu myndi það staðfesta lögboðnar skyldur ráðherrans til að bregðast við skorti á ákveðnum vörum, en það sé beinlínis markmið búvörulaganna að það sé ekki skortur á matvælum. „Það er markmið laganna að neytendur hafi aðgang að þeim matvælum sem það kýs að neyta. Af þeirri ástæðu leggja lögin skilyrðislausa skyldu á ráðherra til að bregðast við skorti. Það liggur nú fyrir að það er skortur til staðar, varan er ekki til en það er ekki brugðist við því, Þetta stenst bersýnilega ekki,“ segir Páll.

Hagar telja í stefnu sinni meðal annars að synjun landbúnaðarráðherra hafi ekki grundvallast á réttmætum sjónarmiðum né hafi lögmætra málsmeðferðarreglna verið gætt. Þannig hafi jafnræðisregla stjórnarskrárinnar verið brotin, þar sem ráðherra hafi margoft fallist á það í öðrum tilvikum að úthluta opnum tollkvótum, og þar af einnig þegar legið hefur fyrir að kvóta hafi áður verið úthlutað vegna umræddra vara. Þá hafi ráðherra ítrekað staðið fyrir slíkri úthlutun með vísan til skorts. Við þingfestingu málsins stefna Hagar að því að leggja fram yfir 50 slíka úrskurði ráðuneytisins sem fyrirtækið telur vera fordæmisgefandi. „Það verður eitt yfir alla að ganga og það fær ekki staðist að Hagar búi við annan og lakari rétt en sambærileg fyrirtæki í sömu stöðu. Réttur til að krefjast gjaldlausra innflutningsheimilda þegar skort ber að einskorðast ekki við valin fyrirtæki í eigu innlendra framleiðenda. Þessu réttur er lögfestur, fortakslaus og verður ekki af umbjóðanda mínum né neytendum tekinn,“ segir Páll Rúnar.

fanney@frettabladid.is







Af hverju hætta þau ekki þessum útúrsnúningum?

# Ómöguleikinn og óminnishegrinn

Ýmsir forystumenn í stjórnarliðinu eru byrjaðir að viðurkenna að hörð viðbrögð almennings við þingsályktunartillögunni um að slíta viðræðunum við Evrópusambandið, án þess að spyrja þjóðina álits, hafi komið þeim á óvart. Utanríkisráðherrann sagði á Bylgjunni fyrr í vikunni að hann væri meira að segja ekki frá því að það hefðu verið mistök að æða fram með tillöguna.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Þetta breytir þó nákvæmlega engu um málflutning stjórnarmeirihlutans. Talsmenn hans eru áfram fastir í „ómöguleikanum“. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra talaði til dæmis fjálglega um það í Sprengisandi síðastliðinn sunnudag hvað hann væri hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslum, en að auðvitað væri ekki hægt að halda atkvæðagreiðslu sem kynni að verða til þess að ríkisstjórnin þyrfti að gera eitthvað sem hún er á móti. Þá er auðvitað stóra spurningin, sem stjórnarliðar hafa ekki svarað: Má bara halda þjóðaratkvæðagreiðslur um mál þegar líklegt er að niðurstaðan sé stjórnvöldum þóknanleg?

Í sama viðtali hélt forsætisráðherrann undarlegan fyrirlestur um að umsókn Íslands um aðild að ESB hefði verið lögð fram „í leyfisleysi“ og þetta „mætti ekki“. Hann vitnaði reyndar ekki í nein lög eða reglur máli sínu til stuðnings. Staðreyndin er að ekkert ríki, sem samið hefur um aðild að ESB, hefur haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort eigi að sækja um aðild. Þau hafa hins vegar öll haldið atkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn.

Sú vegferð, sem fyrrverandi ríkisstjórn hóf, gerði að sjálfsögðu ráð fyrir slíku. Ísland gengi aldrei í ESB án atbeina þjóðarinnar. Núverandi ríkisstjórn vill hins vegar slíta viðræðunum og hindra þannig að almenningur fái nokkurn tímann að segja sína skoðun á aðildarsamningi.

Forsætisráðherrann sér nú öll tormerki á að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna, af því að ekki sé búið að breyta stjórnarskránni þannig að hún yrði bindandi. Á þessum málflutningi mætti taka mark ef hann hefði nefnt fyrir kosningar að slík breyting yrði að koma til í þessu máli. En það var bara ekki nefnt. Þá sáu menn ekkert vandamál við að spyrja þjóðina.

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, var líka í Sprengisandi og viðurkenndi að hann læsi blöðin og hefði áttað sig á þrýstingnum í samfélaginu. „Við hins vegar vitum líka að það þýðir ekki að hlaupa endilega á eftir öllum undirskriftasöfnunum sem eru í gangi á hverjum tíma. Þær ráða ekki niðurstöðu máls,“ sagði Birgir.

Þetta væri rétt hjá honum ef þeir rúmlega 53.000 kjósendur, sem hafa undirritað áskorun um að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðnanna, væru að setja á dagskrá eitthvert alveg nýtt mál, sem hefði ekkert verið til umfjöllunar í pólitíkinni. En þessi tæplega 22 prósent kjósenda krefjast þess einungis að staðið verði við algjörlega skýr og ljós kosningaloforð, sem samflokksmenn Birgis gáfu ítrekað fyrir þingkosningarnar í fyrra.

Einhvers konar óminnishegri virðist sveima yfir þingflokksherbergjum stjórnarflokkanna og gera alla orðræðu þeirra um þetta stóra mál svo skrýtna og órökrétta. Stjórnarþingmenn virðist ekkert muna eftir kosningaloforðunum. Það er þá hlutverk almennings að halda áfram að minna þá á hverju var lofað.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Stöndum saman
um skólastarf í fremstu röð!

Menntaþing Samfylkingarinnar, Frístundamiðstöðinni Kringlumýri, Safamýri 28 frá **kl. 10-14 á laugardag**



**Dagur B. Eggertsson** býður gesti velkomna
**Skúli Helgason** - *Erindi Samfylkingarinnar í menntamálum*
**Steinunn Tryggvadóttir**, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands - *Læsi og lestrarkennsla*
**Þorgerður Laufey Diðriksdóttir**, grunnskólakennari - *Hlutverk kennarans*
**Jakob Frímann Þorsteinsson**, formaður námsbrautar HÍ í tómstunda- og félagsmálafræði - *Frístundastarf: nýsköpunarafl í menntamálum*
**Sabine Leskopf** - *Móðurmálskennsla barna af erlendum uppruna*

Komdu og mótaðu stefnuna með okkur!
*Samfylkingin í Reykjavík*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sóun á orku

Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokks Framsóknar, tók til máls undir liðnum störf þingsins í gær til að ræða – eitthvað. Sigrún hóf ræðu sína á því að segja að gærdagurinn væri stór dagur þar sem ríkisstjórnin kæmi fram með loforð sín. Hún færði sig síðan yfir í að ræða þá sóun á orku sem fram fer í þingsal. Þá fór hún yfir í blaðagrein sem fjallaði um sóun á orku við að keyra ekki Blönduvirkjun á fullu. Hún færði sig síðan yfir í að ræða um deilu sína og Valgerðar Bjarnadóttur um Sundabraut. Vatt sér svo yfir í að loforð eigi að standa og þar á eftir beinustu leið í að ræða Reykjavíkurlistann og flugvöllinn. Sigrún vill frekar leggja Sundabraut en færa flugvöllinn. Hún ákvað síðan að ræða sex ára valdatímabil Samfylkingarinnar, sem jafngildir tímanum frá fæðingu barns fram að skólagöngu þess og endaði síðan á að spyrja hvers vegna vinstri menn hefðu ekki þrifið upp slímuga slikju af ríkisstofnunum á þessum sex árum. Þessi yfirgripsmikla ræða Sigrúnar tók hvorki meira né minna en tvær og hálfa mínútu.





### Skattgreiðendur eru ekki hrægammar

Katrín Júlíusdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, hjó eftir fyrsta umfjöllunarefni Sigrúnar, að ríkisstjórnin væri að standa við gefin loforð. Katrín hélt nú ekki, ríkisstjórnin hefði þvert á móti lofað 300 milljörðum frá erlendum hrægömmum, en niðurstaðan á þessu stærsta og dýrasta kosningarloforði Íslandssögunnar væri hins vegar 72 milljarðar í gegnum skattkerfið til þess að greiða niður hluta af skuldum sumra heimila.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Afglöp ríkisstjórnar í Evrópumálum

EVRÓPUMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Um árabil hefur verið almenn samstaða um að Ísland eigi tvo kosti í gjaldmiðilsmálum: Upptöku evru með aðild að ESB eða áframhald íslenskrar krónu. Vandinn við seinni kostinn er að krónan er í höftum og ekki hefur verið ljóst hvaða umgjörð hún þarf til að lifa af í frjálsu umhverfi.

Fjármálaráðherra lagði um daginn fram á Alþingi skýrslu um framgang mála í afnámi hafta. Þar kom í ljós að ríkisstjórnin hefur ekkert plan um afnám hafta, umfram það sem ákveðið var af fyrri ríkisstjórn.

Meiri athygli á samt að vekja að ráðherra flutti þarna fram án athugasemda yfirlit Seðlabankans um hvaða langtímaumgjörð muni þurfa um krónuna til að hægt sé að afnema höft. Það eru:

1. Reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð til að draga úr gjalddagamisræmi banka í erlendum gjaldmiðlum.
2. Takmörkun á heimildum banka til að safna innlánum erlendis.
3. Takmörkun eða bann við gjaldeyrislánum til óvarinna aðila.
4. Stýritæki til að sporna við óhóflegum sveiflum fjármagns inn og út úr landinu, svo sem gjald á fjármagnsflutninga eða bindiskyldu á erlenda fjármögnun.
5. Tímabundnar takmarkanir á aukningu erlendra eigna lífeyrissjóðanna.

Þetta er enginn smálisti og felur í reynd í sér langtímahöft. Það er fullkomlega óljóst hvort svona reglur standast EES-samninginn og flest sem bendir til að svo sé ekki. Eðlilegt hefði verið fyrir ríkisstjórn, sem ber hag þjóðarinnar fyrir brjósti, að byrja á að kanna við viðsemjendur og eftirlitsaðila hvort svona umgjörð virki. En enginn hefur talað við ESB. Ég spurði forseta Eftirlitsstofnunar EFTA á fundi í gær hvort ríkisstjórnin hefði rætt þetta við stofnunina og leitað álits hennar á því hvort þetta standist samninginn. Svar hennar var skýrt: Nei.

Gönuhlaup ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum verður enn hrikalegra í ljósi þessara frétta. Það eru alvarleg afglöp að loka annarri færri leið landsins í gjaldmiðilsmálum, án þess að hafa kannað á nokkurn hátt hvort hin leiðin er fær.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hálfsannleikur Landsnets

Landsnet hf. hélt fjölmennan kynningarfund í síðustu viku þar sem margt áhugavert kom fram. Þar ber hæst forneskjuleg viðhorf stjórnarformanns fyrirtækisins sem birtast í þeirri skoðun hans að úrskurðir og ákvarðanir stjórnvalds eigi að vera endanleg og verði ekki borin undir dómstóla. Almenningur skal ekki komast upp með neinn derring.

ORKUMÁL



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
framkvæmdastjóri Landverndar

Hitt sem vakti ekki síður athygli mína var framsetning fyrirtækisins á kostnaðarauka vegna mögulegrar jarðstrengjavæðingar hérlendis. Fyrirtækið setti fram nokkrar mismunandi leiðir við jarðstrengjavæðingu, m.a. blandaða leið jarðstrengja (10-20%) og loftlína (80-90%) og það sem Landsnet kallar „dönsku leiðina“ og var hún sú langkostnaðarmesta.

Engir útreikningar eða forsendur voru gefin upp á fundinum, en það er látið liggja á milli hluta hér. Þess má geta að Danir hafa markað sér stefnu um leggja allar raflínur undir 400kV í jörð, bæði gamlar og nýjar, en á Íslandi snýst umræðan um 220kV raflínur. Á fundinum kom fram að ef þessi leið yrði valin hérlendis, myndi það hækka gjaldskrá Landsnets til dreifiveitna um 74%. Þetta hefur svo verið blásið upp í fjölmiðlum þannig að þetta ylli 74% hækkun á gjaldskrá til almennings. Það er fjarri sanni, og það veit Landsnet en þegir þunnu hljóði.

Staðreyndin er sú að einungis 10% af raforkureikningi heimila og fyrirtækja eru vegna flutnings raforkunnar. Það þýðir að 10% af hækkun Landsnets til dreifiveitna koma fram á reikningi almennings. Kostnaðarsamasta leiðin sem Landsnet kynnti („danska leiðin“) myndi því valda um 7,4% hækkun á rafmagnsreikningnum, ekki 74%. Blandaðar leiðir jarðstrengja og loftlína myndu hins vegar leiða til einungis um 0,5-1% hækkunar til almennings. Þetta þýðir að rafmagnsreikningur sem er 10 þúsund krónur á mánuði myndi hækka vegna jarðstrengjavæðingar um 50 til 100 krónur á mánuði.

Fagurgali Landsnets um að fyrirtækið hafi ekkert á móti jarðstrengjavæðingu stenst ekki skoðun. Fjölmiðlar eru leiddir í gildru og túlka hálfsannleiksframsetningu Landsnets eins og til var sáð. Þetta er Landsneti ekki sæmandi og algerlega óboðlegt almenningi.




# Fjárhagsaðstoð vegna gjaldþrotaskipta

FJÁRMÁL



**Eygló Harðardóttir**
félags- og húsnæðismálaráðherra

Eignalausum einstaklingum gefst nú kostur á að fá fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, en lög þess efnis tóku gildi þann 1. febrúar sl. Um nýmæli er að ræða í íslenskri löggjöf en úrræðinu er ætlað að koma til móts við þá einstaklinga sem geta ekki lagt sjálfir fram greiðslu til tryggingar fyrir skiptakostnaði.

Lágmarksgreiðsla á slíkri tryggingu er 250.000 krónur og getur það reynst þungur baggi þeim sem eru í þeirri stöðu að vilja sjálfir krefjast gjaldþrotaskipta. Reynslan sýnir að ekki eru miklar líkur á að kröfuhafar krefjist gjaldþrotaskipta hjá þeim sem hefur verið gert hjá árangurslaust fjárnám og eiga því engar eignir. Setning laganna er því mikil bót fyrir þá sem vilja sjálfir lýsa sig gjaldþrota og njóta þannig styttri fyrningarfrests til að endurreisa fjárhag sinn og fjölskyldunnar eftir að hafa burðast með óviðráðanlegar skuldir árum saman.

### Getur verið skásta lausnin

Skilyrði fjárhagsaðstoðarinnar er að umsækjandi eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum, geti ekki greitt tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta og hafi reynt önnur greiðsluvandaúrræði, eða að umboðsmaður skuldara meti það svo að önnur greiðsluvandaúrræði dugi ekki til að leysa greiðsluvanda hans.

Skuldavandi einstaklinga og fjölskyldna er margvíslegur og ljóst að sumum gagnast hvorki greiðsluaðlögun né önnur greiðsluvandaúrræði sem hafa verið í boði. Þegar svo háttar kann gjaldþrot að vera skásta lausnin og með því er greitt úr skuldamálunum innan tveggja ára frá lokum skipta. Það getur þó tekið lengri tíma að byggja upp fjárhagslegt traust gagnvart fjármálafyrirtækjum á ný.

### Gjaldfrjáls aðstoð

Umboðsmaður skuldara hefur fengið það hlutverk að taka við umsóknum þeirra sem hyggjast sækja um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar og kanna hvort umsækjendur uppfylli skilyrði laganna. Sótt er um fjárhagsaðstoð á vef embættisins www.ums.is. Samþykki umboðsmaður skuldara umsókn um fjárhagsaðstoð gefur hann út yfirlýsingu þess efnis sem umsækjandi leggur fyrir héraðsdómstól ásamt kröfu um gjaldþrotaskipti. Verði héraðsdómstóll við kröfunni er fjárhagsaðstoðin greidd skipuðum skiptastjóra.

**➜ Þjónusta umboðsmanns skuldara er gjaldfrjáls og aðstoðar hann einstaklinga við gagnaöflun og ritun greinargerðar ef með þarf.**

Einstaklingurinn sjálfur þarf að greiða 15.000 króna þingfestingargjald til héraðsdóms þegar beiðni hans er lögð fram hjá dómstólnum. Þjónusta umboðsmanns skuldara er gjaldfrjáls og aðstoðar hann einstaklinga við gagnaöflun og ritun greinargerðar ef með þarf. Einstaklingar þurfa því ekki að leita sér kostnaðarsamrar aðstoðar til þess að sækja um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar.



## AF NETINU

### Hvað næst? Virkjanir í Öskju, Kverkfjöllum og á Þingvöllum?



Þegar sú grein laga og reglna um Orkustofnun sem varðar skyldu hennar til að rannsaka alla hugsanlega virkjunarkosti er túlkuð þröngt er augljóslega komið út á braut fáránleikans í virkjanaæði landsmanna, sem ég get ekki ímyndað mér að eigi neina hliðstæðu í öðrum löndum.

Einkum er þetta fáránlegt þegar þess er gætt að rannsóknir og vinna varðandi alla þessa virkjankosti á helstu náttúruverðmætasvæðum landsins kostar mikið fé og vinnu.

Hitt er líka vitað að virkjanafíklarnir hafa stundað það að eyða sem mestu fé í rannsóknir til þess að geta sagt síðar, að úr því að eytt hafi verið svona miklum fjármunum í þetta, megi ekki „eyðileggja“ þessar fjárfestingar.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*



Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Gæði fara aldrei úr tísku
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is

# Skammhlaup í Orkustofnun!

ORKUMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
alþingismaður

Framlag Orkustofnunar á dögunum til frekari vinnu á sviði verndar annars vegar og mögulegrar nýtingar hins vegar á virkjunarkostum vekur furðu manns hvernig sem á það er litið. Reyndar er of veikt til orða tekið, a.m.k. í mínu tilviki, að tala um furðu. Mér er þetta frumhlaup óskiljanlegt og skapi næst að líta svo á að orðið hafi einhvers konar skammhlaup í kerfi stofnunarinnar sem er auðvitað neyðarlegt samanber nafnið.

Tillögur Orkustofnunar um 27 nýja virkjanakosti inn í vinnu verkefnisstjórnar um rammaáætlun í viðbót við kröfur virkjunaraðila um að halda til streitu svæðum sem þegar hafa verið flokkuð í vernd eru ekkert annað en tilræði. Tilræði við þá viðleitni undangenginna ára að þróa umræðu og aðferðir í þessum vandasama málaflokki í átt til aukinnar sáttar. Afrakstri vinnu að rammaáætlun undangengin ár, staðfestingu Alþingis á þeirri vinnu og lögum um rammaáætlun er einfaldlega gefið langt nef. Flokkun í verndarflokk sem hlotið hefur staðfestingu Alþingis hefur samkvæmt þessu ekkert gildi, ekki einu sinni þegar Orkustofnun á í hlut.

Ef Orkustofnun er þeirrar skoðunar að hún geti, eða jafnvel að henni sé skylt eins og allt eins hefur mátt ráða af talsmönnum stofnunarinnar, sent að hennar dómi álitlega virkjunarkosti sem þegar hafa verið flokkaðir í vernd til mats eða endurmats hjá verkefnisstjórn, hvar dregur stofnunin þá mörkin? Af hverju er þá ekki bara allt sem virkjanlegt er alltaf til mats? Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvað þá er orðið um einhverja sátt í þessum efnum.

**➜ Tillögur Orkustofnunar um 27 nýja virkjanakosti inn í vinnu verkefnisstjórnar um rammaáætlun í viðbót við kröfur virkjunaraðila um að halda til streitu svæðum sem þegar hafa verið flokkuð í vernd eru ekkert annað en tilræði.**

**Hafralónsá efri og neðri**

Frumlegust er þó Orkustofnun þegar hún dregur fram tuttugu ára gamla hvítbók iðnaðarráðuneytisins um hvað sé mögulegt að virkja og gerir að biblíu dagsins eins og ekkert hafi breyst síðan (sjá; Innlendar orkulindir til vinnslu raforku, iðnaðarráðuneytið, 1994). Þaðan fær Orkustofnun þá snjöllu hugmynd að láta nú verkefnisstjórn meta kosti þess að hjóla í Vatnsdalsá, Hofsá og Hafralónsá. Hvað eru þrjár af perlum bergvatnsánna og rómaðar laxveiðiár milli vina? En, reyndar fleiri en þrjár ef betur er að gáð.

Í tilviki Hafralónsár er talað um efri og neðri virkjunarkosti. Samkvæmt áðurnefndri hvítbók frá 1994 er Hafralónsá neðri ekki bara Hafralónsá. Nei; heldur var þá hugmyndin og er væntanlega enn, því mér er ekki kunnugt um neinar nýrri hugmyndir um útfærslu, að veita þvert á heiðar vatni úr þremur af fimm laxveiðiám Þistilfjarðar, þ.e. Svalbarðsá, Sandá og Hölkná austur til Hafralónsár ásamt vatni úr Miðfjarðará, helstu laxveiðiá á Langanesströnd um Litlu Kverká vestur til Hafralónsár og virkja þar allt saman.

Færu þá fyrir lítið Stórifoss og Dimmugljúfur sem og Stórugljúfur Hafralónsár og laxveiðin, a.m.k. í ánum sem veitt yrði úr og sumar nánast þurrkaðar upp eins og Sandá. Að ógleymdu svo öllu raskinu sem yfir 40 ferkílómetra uppistöðu- og miðlunarlónum og gríðarlegum veituskurðum þvert á heiðarnar myndi fylgja.

Virkjun kennd við Hofsá er svipuð steypa. Þannig átti að taka um 40% af rennsli Selár og þriðjung af rennsli Vesturdalsár og skutla austur í Hofsá samkvæmt hvítbókinni.

Bilaðar sem þessar hugmyndir voru 1994 hljóta þær að teljast óðs manns æði 2014 og Orkustofnun til lítils sóma að reyna að vekja þær upp úr gröfinni. Er nema von að manni detti í hug skammhlaup.

***(Höfundur tekur fram að hann á rætur sínar á bökkum Hafralónsár.)***



i30 Wagon, dísil

Rúmgóður og sparneytinn

Hyundai i30 Wagon - Verð: 3.590.000 kr.
Eldsneytisnotkun 4,1 l/100 km.*

1,4 dísil, beinskiptur / Akstурstölva / ABS hemlar með hemlajöfnun / Stöðugleikastýring / 6 loftpúðar / aðgerðahnappar í stýri / útihitamælir / AUX/USB tengi / armpúðar á framsætum / hiti í sætum / ljóskastarar í framstuðara / ISOFIX barnabílstólsfestingar / HAS brekkuhemill

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM61960

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080


MIÐBORGIN OKKAR
Tískuvaka í Miðborginni
REYKJAVÍK FASHION NIGHT OUT
OPIÐ TIL KL. 22, FIMMTUDAG 27. MARS
Fjólublá ljós, fönkí tónar, fisléttar veitingar og skemmtilegt fólk.
Hönnun og tíska í tilefni af Reykjavík Fashion Festival og HönnunarMars.
Hoppaðu um borð í gjaldfrjálsan tísku-vagn á miðborgarrúnti milli kl. 20-22.
Fylgstu með á midborgin.is
og á facebook.com/midborgin
Verum þar sem hjartað slær

## MERKISATBURÐIR

**1513** Spænski landkönnuðurinn Juan Ponce de León nemur land á norðanverðum Bahamaeyjum í sinni fyrstu ferð til Flórída.

**1854** Bretland lýsir yfir stríði gegn Rússlandi.

**1871** Fyrsti alþjóðlegi ruðningsleikurinn á milli Skotlands og Englands fer fram í Edinborg.

**1886** Frægi Apasjastríðsmaðurinn Geronimo gefst upp á móti bandaríska hernum og þar með lýkur Apasjastríðunum.

**1958** Níkíta Khrústsjov er skipaður forsætisráðherra Sovétríkjanna.

**1963** Skagafjarðarskjálftinn. Mikill jarðskjálfti, um 7 stig, fannst víða um land.

**1980** Norska olíuborpallinum Alexander L. Kielland hvolfir í Norðursjó og 123 af 212 áhafnarmeðlimum farast.

**1993** Jiang Zemin er skipaður forseti Kína.

**2009** Árásarmaður sprengir sig í loft upp í mosku í Pakistan og 48 láta lífið.

# Gullkistan opnuð upp á gátt

**Gullkistan, miðstöð sköpunar á Laugarvatni, fagnar fimm ára afmæli um þessar mundir. Í Gullkistunni geta listamenn unnið að list sinni og hafa þeir verið um 150 talsins síðustu fimm árin. „Við gætum verið með fleiri,“ segir Alda Sigurðardóttir.**



**ATORKUMIKLAR** Alda og Kristveig reka Gullkistuna á Laugarvatni.

„Við höfum kynnst alveg ótrúlega mörgu skemmtilegu fólki á þessum tíma. Við erum alltaf með gesti og það er fullbókað núna út september og við gætum verið með fleiri. Þetta er rosalega gaman,“ segir listakonan Alda Sigurðardóttir. Hún rekur Gullkistuna á Laugarvatni ásamt listakonunni Kristveigu Halldórsdóttur en Gullkistan er vettvangur þar sem listamenn af alls kyns tagi geta komið að vinna að list sinni og er svokölluð miðstöð sköpunar. Gullkistan fagnar nú fimm ára afmæli sínu og heldur upp á það með því að opna Gullkistuna fyrir gestum næstu helgi.

„Við Kristveig vorum saman í Myndlista- og handíðaskólanum og þegar við kláruðum hann komum við á Laugarvatn í ólíkum erindum. Ég réð mig sem hjúkrunarfræðing og hún sem leikskólastjóra árið eftir. Við bjuggum þar í eitt ár á sama tíma og skipulögum listahátíð sem hét Gullkistan árið 1995. Við héldum hana aftur árið 2005 og þannig kviknaði hugmyndin um miðstöðina og hún var fjögur ár í gerjun,“ segir Alda en miðstöðin hefur stækkað mikið síðustu fimm ár.

„Við leigðum íbúðir fyrsta sumarið og höfðum aðstöðu fyrir vinnustofu það sumar og sumarið þar á eftir. Þá gafst gestum aðeins kostur á að dvelja yfir sumartímann. Sú aðstaða varð strax of lítil þannig að við leigðum sveitabæ við hliðina á Laugarvatni sem heitir Eyvindartunga og tókum það á leigu á heilsársgrundvelli. Á þessum fimm árum höfum við verið með um 150 gesti, nær eingöngu útlendinga, sem dvelja í mánuð eða tvo í senn,“ segir Alda en þær Kristveig festu nýverið kaup á húsi fyrir miðstöðina, gömlu Tjaldmiðstöðinni á Laugarvatni.

„Sveitabærinn var ekki nóg. Við erum búin að rífa allt innan úr nýja húsinu og í því verður sýningarsalur, kennslustofa, gott eldhús og möguleikar á alls konar námskeiðum. Við verðum til dæmis með námskeið í olíumálun í apríl og oft eru gestir okkar prófessorar við erlenda skóla og verða líka með námskeið.“

Gestir Gullkistunnar eru flestir listamenn en þangað koma einnig rithöfundar, tónlistarmenn, hönnuðir, ljósmyndarar, kvikmyndagerðarmenn og vísindamenn. Sumir koma aftur og aftur að sögn Öldu og segir hún þá hæstánægða með land og þjóð.

„Gestum finnst þetta geggjaður staður til að vinna á. Þeir sýna síðan verkin sín úti um allan heim. Það er gaman að segja frá því að hollenski barnabókarithöfundurinn Marjolijn Hof vann nýlega virtustu barnabókaverðlaun Hollands, Woutertje Pietrse-verðlaunin, fyrir bókina De regels vandrie. Hún var hjá okkur og í Herhúsinu á Siglufirði. Hún var hjá okkur í janúar og vildi upplifa það að vera ein í myrkri og vetri. Nú er verið að nota þessa barnabók í kennslu í hollenskum barnaskólum og út af þessari bók eru hollensk börn að teikna norðurljós og tala um plokkfisk. Þetta er bara eitt af mörgum dæmum.“

> **Gestum finnst þetta geggjaður staður til að vinna á. Þeir sýna síðan verkin sín út um allan heim.**
>
> *Alda Sigurðardóttir*

Um helgina verður sýningin Folar og frygð opnuð í sýningarsal Gullkistunnar í gömlu Tjaldmiðstöðinni til að fagna fimm ára afmælinu.

„Við vildum sýna listamanninum Baniprosonno, velunnara Gullkistunnar, þann sóma að setja verkin hans fallega upp. Það eru allir velkomnir og við vonum að hingað komi fullt af fólki,“ segir Alda.

liljakatrin@frettabladid.is

---



Elsku ættingjar og vinir, okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, fyrir stuðning í gegnum veikindi og fráfall okkar ástkæru

**AUÐAR ERLU HÖGNADÓTTUR**

og innilegar þakkir fyrir alla aðstoðina.
Guð blessi ykkur öll.

**Ólafur Sigurþórsson og fjölskylda.**

---



**FANNÝ SIGURÐARDÓTTIR**
**Birkivöllum 1, Selfossi,**

sem lést á Ljósheimum mánudaginn 17. mars, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 28. mars klukkan 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ómar Halldórsson**
**Erna Halldórsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARNI BERGMANN ÁSMUNDSSON**
**Seljahlíð,**
**áður til heimilis að Sogavegi 148,**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 23. mars sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 1. apríl nk. kl. 13.00.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir**
**Anna María Bjarnadóttir** **Ingvar Þorvaldsson**
**Ásmundur Bergmann Bjarnason**
**Hafþór Bjarnason** **Brynja Dadda Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**DANÍEL HELGASON**
**fv. flugumferðarstjóri,**
**Árskógum 8,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 24. mars sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðríður Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Daníelsdóttir** **Snorri Gunnarsson**
**Hjördís Rósa Daníelsdóttir**

---







---



Okkar ástkæri sonur og bróðir,

**KARL VIKAR KRISTJÁNSSON**

er látinn. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 2. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð.

**Valdís Óskarsdóttir**
**Kristján Karlsson**
**Davíð Óskar Ólafsson**
**Katla, Kristrún Rós og Kristín Kristjánsdætur**

---



Kær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN SNORRI ÞORLEIFSSON**
**Hörðalandi 18, Reykjavík,**

lést föstudaginn 21. mars. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 28. mars kl. 11.00.

**Arndís Jónsdóttir** **Arnaldur Valgarðsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir** **Sigurgeir Steingrímsson**
**Sigrún Jónsdóttir** **Stefán Magnússon**
**Björk Jónsdóttir** **Kjartan Jóhannsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Bo Hedegaard Knudsen**
**Sturla Þór Jónsson**
**Einar Örn Jónsson** **Birna Ósk Hansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ODDNÝJAR SIGRÍÐAR NICOLAIDÓTTUR**
**Hólabergi 82, Reykjavík.**

**Jónas Guðlaugsson**
**Ingibjörg Jónasdóttir** **Gísli Ólafsson**
**Nicolai Jónasson** **Ásta Bjarney Pétursdóttir**
**Jónas G. Jónasson** **Jóhanna Vélaug Gísladóttir**
**Guðlaugur Jónasson** **Guðrún Axelsdóttir**
**Sigurður Jónasson** **Bjarnþóra María Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegi frændi minn,

**JÓN BERTEL BERTHELSEN JÓNSSON**
**frá Skriðnafelli,**
**áður búsettur að Framnesvegi 40,**

lést á dvalarheimilinu Grund þann 24. mars. Útförin fer fram í Fossvogskapellu, þriðjudaginn 1. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Vilborg Arnarsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, systir og mágkona,

**MAGNEA GUÐRÚN GUÐSTEINSDÓTTIR**
**Asparfelli 10,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans, laugardaginn 22. mars. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 31. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Krabbameinsfélagið í minningu hennar.

**Guðsteinn Bjarki Magneuson**
**Patricia Arjona**
**Henný Rós Guðsteinsdóttir**
**Svanur Fannar Guðsteinsson** **Þórey Erlingsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT HULDA MAGNÚSDÓTTIR**
**Ólafsvík,**

andaðist á dvalarheimilinu Jaðri 23. mars sl. Útför hennar fer fram frá Ólafsvíkurkirkju, laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Birgir Vilhjálmsson** **Jóna Valdís Árnadóttir**
**Brandur Sigurðsson** **Áslaug Bjarnadóttir**
**Ragnheiður Sigurðardóttir** **Gunnlaugur G. Jónasson**
**Ingólfur J. Sigurðsson** **Sigríður A. Hrólfsdóttir**
**Valgerður Sigurðardóttir** **Bo Ingmar Larsson**
**og fjölskyldur.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**SKÁLDLEG SKEMMTUN**

**Kristján Hreinsson flytur eigin lög og ljóð í Salnum í Kópavogi annað kvöld kl. 20. Gestir fá að njóta frásagnargleði, sönglistar og hljóðfæraleiks. Kristján mun flytja lög og ljóð sem aldrei hafa áður verið flutt opinberlega.**




FLOTT FERMINGARGJÖF
*fyrir stelpur og stráka*
BORÐLAMPAR
Margar stærðir og gerðir
Verð frá kr. 9500.-
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


# OFURFÆÐA Í HYLKJUM

**GENGUR VEL KYNNIR** *100% náttúrulegt rauðrófu-„extrakt“ fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan eykur snerpu, orku og úthald og er því sérlega áhrifarík fyrir íþróttafólk.*

Rauðrófan telst til OFURFÆÐIS. Hún er mjög rík af andoxunarefnum og 100% náttúrulegt bætiefni. Rauðrófan eykur framleiðslu á efninu nituroxíði (NO). Almennt séð framleiðir líkaminn nóg af þessu efni ef við hreyfum okkur reglulega og borðum holla og fjölbreytta fæðu. Með aldrinum, auknu álagi, minni hreyfingu og lélegu mataræði minnka birgðir efnisins í líkamanum. Til að viðhalda góðri heilsu, orku og úthaldi getur reynst nauðsynlegt að taka inn rauðrófuhylkin til þess að auka framleiðslu þessa efnis. Nituroxíð hefur jákvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans með því meðal annars að auka blóðflæði, víkka æðar og lækka blóðþrýsting. Aukið blóðflæði virkar einnig sem náttúruleg kynörvun fyrir bæði karla og konur. Nituroxíð hefur áhrif á stjórnun vöðva, taugakerfi, blóðþrýsting, varnir gegn bólgum og sýkingum og boðefnaflutning heilafruma.

**REGLULEG INNTAKA Á BEETROOT-HYLKJUM GETUR:**

- **Aukið blóðflæði**
- **Lækkað blóðþrýsting**
- **Bætt súrefnisupptöku**
- **Jafnað blóðsykur**
- **Hjálpað til við fitubrennslu**
- **Aukið úthald, þrek og orku**
- **Hjálpað þeim sem þjást af öndunar- eða lungnavandamálum**
- **Virkað sem náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**
- **Verið gott fyrir heila og minni**
- **Eflt ónæmiskerfið**
- **Stuðlað að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi**
- **Ríkt af andoxunarefnum, járni, magnesíum, natríum, kalíum, fólínsýru, og C-vítamíni.**




*Notkun: 2 hylki á dag*

**BETRI HEILSA**

Stuðlar að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi, lækkar blóðþrýsting og minnkar kólesteról í blóðinu.

**ÍÞRÓTTIR**

Getur aukið orku, úthald og snerpu.

**KYNÖRVUN**

Aukið blóðflæði getur virkað sem náttúrulegt víagra fyrir bæði karla og konur.

**SÖLUSTAÐIR**

***Flest apótek, heilsubúðir, heilsuhillur stórmarkaða og verslanna***

***Nánari upplýsingar á: gengurvel.is.***



Nýjar vor vörur streyma inn,
Flottar yfirhafnir jakkar, frakkar og þunnar dúnúlpur.
Sjáðu myndirnar á /Parisartizkan
*Verið velkomin. Hlökkum til að sjá ykkur.*
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770


Úrval af sparifatnaði og skóm á fermingarmömmuna!
Stærðir 36-52.
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Fermingartilboð
Svæðisskipt heilsudýna VALHÖLL (eldri gerð)
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.
120x200 cm Tilboðsverð kr. 69.900.-
140x200 cm Tilboðsverð kr. 79.900.-
Ath. takmarkað magn
GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald



Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum












**HÖNNUNARMARS** LissStender sýnir vörur sínar í Epal í Hörpu á HönnunarMars.

# INUK Á MARSINUM

**GRÆNLENSK HÖNNUN** *LissStender er eini starfandi vöruhönnuðurinn á Grænlandi. Hún tekur þátt í HönnunarMars og sýnir í Epal í Hörpu.*

Ég fékk óvænt boð frá Hönnunarmiðstöð Íslands um að taka þátt í HönnunarMars. Ég hafði komið til Íslands nokkrum sinnum og féll strax fyrir landinu, fólkinu og sérstaklega íslenskri hönnun. Ég held að íslenskir og grænlenskir hönnuðir eigi það sameiginlegt að sækja innblástur í náttúruna og langa vetur. Mér líður eins og heima hjá mér hérna,“ segir LissStender, grænlenskur hönnuður, sem sýnir í Epal í Hörpu á HönnunarMars.

LissStender hannar undir merkinu InukDesign en hún hefur starfað við grafíska hönnun á Grænlandi í yfir tuttugu og sex ár, meðal annars hjá KNR-sjónvarpsstöðinni og AG-dagblaði. Fyrir þremur árum færði hún sig yfir í vöruhönnun og er eini starfandi vöruhönnuðurinn á Grænlandi.

Hönnun Liss hefur sterka skírskotun í grænlenska þjóðararfinn.

„Ég fór að teikna myndir af krökkunum mínum þegar þeir fluttu til Danmerkur í nám og ég saknaði þeirra mikið. Ég fékk innblástur frá fígúrum sem höggnar voru út úr rekavið á Norðaustur-Grænlandi, fyrir meira en þúsund árum. Þessar fígúrur eru gegnumgangandi í minni hönnun,“ segir Liss. Henni er þó mikið í mun að sýna Grænland í nýju ljósi.

„Ég held að það sé mikilvægt að festast ekki í fortíðarþrá heldur segja og sýna söguna á nýjan hátt. Við megum vera stolt af því hvaðan við komum en á sama tíma verðum við að þora að takast á við áskoranir og gera nýja hluti, eins og að hanna, og sýna umheiminum að Grænland er ekki bara fiskur og feldir. Ég hlakka til að sýna gestum HönnunarMars Grænland á minn hátt.“

Nánar má forvitnast um hönnun LissStender á www.inukdesign.com.

■ heida@365.is



**ÞJÓÐARARFUR** Liss sækir í grænlenskan þjóðararf í hönnun sinni og fær innblástur frá tréfígúrum sem skornar voru út í rekavið fyrir yfir þúsund árum.
MYND/INUKDESIGN

# ÍSLENSKIR JÖKLAR Á MATBORÐIÐ

Hönnunarteymið Postulína sýnir nýtt handrennt matarstell í húsnæði bókaútgáfunnar Crymogeu á Barónsstíg á HönnunarMars. Stellið kallast Jökla og dregur bæði nafn sitt og litatóna af íslenskum jöklum. Sýningin verður opnuð í kvöld klukkan 20.30.

„Við fórum upp á Sólheimajökul í undirbúningsvinnunni og skoðuðum litina í jöklinum. Þeir endurspeglast í stellinu. Undirdiskurinn er svartur eins og sandurinn í skriðjöklinum og hvítur matardiskurinn er glansandi eins og jökullinn sjálfur. Skálarnar eru í þeim bláu tónum, sem finna má inni í jökulsprungum og glösin eru hvít eins og jökullinn en með svörtum sanddoppum,“ útskýrir Ólöf Jakobína Ernudóttir vöruhönnuður, en hún skipar tvíeykið Postulínu ásamt Guðbjörgu Káradóttur leirkerasmið.

Stellið unnu þær með styrk frá Hönnunarsjóði Auroru og verður hægt að kaupa hlutina á sýningunni sem stendur fram á sunnudag. Eftir það verður hægt að panta stellið beint frá Postulínu.

Vigfús Birgisson ljósmyndari sýnir einnig ljósmyndir af íslenskum jöklum í Crymogeu.

Postulína er á Facebook.



**LITATÓNAR** Sandur og ís endurspeglast í stelli Postulínu.



**SAMSPIL** Vigfús Birgisson ljósmyndari sýnir myndir af jöklum, einnig í Crymogeu.

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


Helgarbrjálæði í Flash
Kjólar áður 16.990
nú 9.990 kr.
40-50%
afsláttur
40-50%
afsláttur
Fleiri myndir á Facebook
40-50%
afsláttur
Kjólar áður 14990
nú 7.990 kr.
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# NÝJAR SÖGUR SÝNDAR Í KRAUMI

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Ný lína, As We Grow, verður kynnt á HönnunarMars. As We Grow er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem framleiðir barnafatnað í Perú. Gömul og vel nýtt prjónaflík varð kveikjan að fyrirtækinu.*



Íslenska hönnunarfyrirtækið As We Grow kynnir nýja barnafatalínu í Kraumi á HönnunarMars. Hönnunin byggir á „slow fashion“-stefnunni, en hugmyndin að fyrirtækinu varð til út frá peysu sem hafði gengið milli barna í níu ár og orðið uppáhaldsflík þeirra allra. Ending og ferðalag flíkurinnar er hönnuðum As We Grow mikilvæg og sú verðmætasköpun sem verður þegar fatnaður er nýttur af fleirum en einum.

„Við köllum línuna Nýjar sögur. Við reynum að fylgjast með þeim flíkum sem seldar eru, til dæmis hjá vinum og vandamönnum í kringum okkur og skráum hjá okkur hvernig flíkin reynist og hvert hún fer næst. Smám saman vindur þetta upp á sig og við munum síðar geta byggt á þessum sögum og bætt við hönnunina,“ útskýrir Gréta Hlöðversdóttir lögfræðingur en hún setti As We Grow á laggirnar ásamt fatahönnuðunum Maríu Ólafsdóttur og Guðrúnu Sigurjónsdóttur, árið 2012.

As We Grow framleiðir úr náttúrulegum efnum, alpakkaull og pimabómull og hefur þróað flíkurnar í samvinnu við framleiðanda sinn í Perú.

„Framleiðslan skiptir okkur miklu máli en sá sem við vinnum með hefur fengið viðurkenningar fyrir góð kjör og aðbúnað starfsfólks,“ útskýrir Gréta.

Nýja línan verður kynnt í Kraumi í Aðalstræti fram á sunnudag.

■ heida@365.is



**KYNNA NÝJAR SÖGUR** María Th. Ólafsdóttir hönnuður, Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir hönnuður og Gréta Hlöðversdóttir framkvæmdastjóri.

**AS WE GROW**
Nánar má forvitnast um As We Grow á **www.aswegrow.is**






**TÍSKUVAGNINN** Tískan verður á ferð og flugi þegar tískurútan gengur um miðborgina milli 20 og 22 í kvöld.

# TÍSKAN Á FERÐINNI

*Tískurútan verður á ferðinni um miðborgina í kvöld í tilefni Tískuvöku. Frítt verður í rútuna.*

Hin árlega Tískuvaka í miðborginni verður í kvöld í tilefni af setningu HönnunarMars og Reykjavík Fashion Festival. Tískuvagninn gengur um miðborgina á milli klukkan átta og tíu og getur fólk hoppað inn og út eftir hentugleikum. „Fólk getur hoppað af vagninum á heitasta stað Reykjavíkur þá stundina og svo hoppað aftur inn þegar staðurinn hefur kólnað,“ segir Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, en frítt verður í rútuna í boði Miðborgarinnar okkar. „Tískurútan gengur niður Laugaveginn, upp Hverfisgötuna, aftur niður Laugaveg og inn í Kvos, síðan aftur upp Hverfisgötu alla leið að Vitastíg, því næst niður Skólavörðustíg. Þetta er sem sagt Laugavegur og Skólavörðustígur til skiptis, með Bankastræti og Kvos ávallt inni í leiðinni. Heitur skemmtikraftur verður um borð í tískurútunni sem heldur uppi stuðinu. Ég get því miður ekki gefið nafn hans upp en þetta er þekkt tískulögga og fólk kemst að því hver skemmtikrafturinn er þegar það stígur um borð í tískurútuna.“

Í tilefni Tískuvöku verður opið í verslunum miðborgarinnar til klukkan tíu í kvöld. „Rekstraraðilar verða með fjólublátt ljós við barinn hjá sér, léttar veitingar, tónlist og sértilboð og stemningin verður góð líkt og undanfarin ár,“ segir Jakob Frímann glaður í bragði.

# DEBENHAMS



# *BB*

*Skin Perfecting Cream*
*sólvarnarstuðull (SPF) 25*
*Endurnærir. Verndar. Fullkomnar.*

## Einstaklega falleg húð.

Einstök samblanda af dagkremi og farða. Dregur úr roða, gefur raka og orku ásamt því að veita ljóma, ferskleika og útgeislun. Clarins er í 1. sæti þegar kemur að lúxus-húðsnyrtivörum á Evrópumarkaði*.

**Heimild: European Forecasts*




# CLARINS

## VOR Í PARÍS

Langar þig að bjóða vinkonu þinni í helgarferð til Parísar?*
Verslaðu Clarins vöru í Debenhams dagana 27. mars - 2. apríl og skráðu þig í CLARINS pottinn og þú gætir unnið.



* Ferð fyrir tvo, gisting og flug, dagana 16.-19. maí. Dregið fimmtudaginn 3. apríl.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

Stakir jakkar frá 2·BIZ



Litur: svart
kr. 17.900.-
str. 36-48

Við erum á Facebook

Ríta
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

# FRÁ PUMPUM TIL LJÓSA

**HÖNNUNARMARS** *Kristbjörg María Guðmundsdóttir verður með nýtt fjölnota borð sem heitir Örk til sýnis í Kraumi á HönnunarMars sem hefst í dag.*

Kristbjörg María Guðmundsdóttir iðnhönnuður hefur hannað fjölda ólíkra hluta, allt frá hjólapumpum til heilsuvara. Hún hefur nú hannað fjölnota borð sem hún kallar Örk og verður það til sýnis á HönnunarMars sem hefst í dag. „Nafnið vísar í form borðsins og notagildi þess sem blaðagrindar,“ segir Kristbjörg. „Borðið má nota á margvíslegan máta, sem hliðarborð, náttborð, undir ferðatölvu og jafnvel sem blómastand. Það er unnið úr stálgrind og svo er steinplata ofan á. Ég hef unnið með stál áður og finnst gaman að vinna með það. Ofan á er svo steinn sem er unninn úr hágæða, ítölsku efni, framleiddur úr 94 prósent kvarssteini. Hann hefur svipaða áferð og granít. Borðið er einfalt í samsetningu og spenna stálgrindarinnar heldur því saman og eru skrúfur því óþarfar. Það hefur létt yfirbragð og klassískt útlit.“

Kristbjörg lærði iðnhönnun í Ingvar Kamprad Design Centre í Lundi í Svíþjóð og útskrifaðist í fyrravor. „Í skólanum var mikið lagt upp úr fjölbreytileika. Þar hannaði ég til dæmis hjólapumpu, ljós og púða sem er ætlaður fólki með elliglöp. Í framhaldi af hönnun púðans fékk ég svo vinnu hjá fyrirtækinu sem framleiddi hann. Fyrirtækið framleiðir vörur fyrir heilbrigðiskerfið og var starfið skemmtilegt og spennandi,“ segir Kristbjörg.

Áður en Kristbjörg fór út hafði hún hannað Sauðabindið sem fékk mikla athygli. Hún hefur lengi haft áhuga á hönnun og hefur verið að föndra frá því í æsku. „Það lá nokkuð beint við að verða iðnhönnuður. Pabbi er húsasmíðameistari og ég fylgdist með honum við störf sín. Ég var ekki gömul þegar ég byggði heilt hús úr mjólkurfernum. Þetta var þó ekki alveg bein leið hjá mér því ég fór í jarðfræði í Háskóla Íslands. Þegar ég komst svo inn í skólann úti varð ég að slá til. Þetta er mjög spennandi skóli, flott aðstaða og allt til alls,“ segir hún.

Kristbjörg er alltaf með eitthvað á prjónunum og fer beint í önnur verkefni eftir HönnunarMars. „Ég þarf að fylgja borðunum eftir en svo taka önnur verkefni við. Í iðnhönnun þarf svolítið að skapa sér tækifærin sjálfur og vera duglegur.“



**FALLEGT BORÐ** Örk er fjölnota borð sem má nota til dæmis sem hliðarborð, náttborð eða blaðagrind.



**FJÖLBREYTT HÖNNUN** Kristbjörg hannaði fjölbreytta hluti í námi sínu í iðnhönnun í Svíþjóð, meðal annars hjólapumpur og lampa.



**IÐNHÖNNUÐUR** Kristbjörg er iðnhönnuður að mennt og sýnir borðið Örk á HönnunarMars.



# Tilboð
Stór pizza
með 2 áleggjum
á 1890kr (sótt)



**Hádegis tilboð**
Lítil pizza með 3 áleggjum og Coke í dós
**1.090 kr.**

**Fjölskyldu tilboð**
Stór pizza með 2 áleggjum. 12" hvítlauksbrauð/margaritu, stór brauðstangir og 2L Coke
**3.790 kr.** (sótt)

**Heimsent tilboð**
Stór pizza með 2 áleggjum. Stór brauðstangir og 2L Coke.
**3.450 kr.**

**Opnunartímar**
Dalvegi 2, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-00
Dalshrauni 13, Hafnarfirði
Sun. - Fim: 11-23 Fös. - Lau: 11-23:30
www.castello.is - S: 577 3333

Castello PIZZERIA



DÝRFINNA TORFADÓTTIR



ERLING JÓHANNESSON



UNNUR EIR BJÖRNSDÓTTIR

# SAMSPIL TÍSKU OG HEFÐA Í HÖRPU

Félag íslenskra gullsmiða stendur fyrir samsýningu á skartgripum í Hörpu um helgina. Heiti sýningarinnar er Samspil og er með veglegra móti enda á félagið níutíu ára afmæli um þessar mundir. „Því erum við að fagna,“ segir Unnur Eir Björnsdóttir sem er í sýningarnefnd Félags íslenskra gullsmiða. „Sýningin er afar fjölbreytt og þar kemur berlega í ljós hve frjó hugsun ríkir í greininni,“ segir Unnur en í Hörpu verða 25 gullsmiðir og einn myndlistarmaður sem munu sýna hönnun sína í Himnastiganum.

Unnur segir mikla grósku ríkja í skartgripahönnun í dag. „Fólk er farið að sækja töluvert í íslenska skartgripahönnun enda alltaf eitthvað nýtt í boði. Íslenskir gullsmiðir eru nýjungagjarnir og fljótir að koma fram með nýjar línur,“ segir hún. Þá sé mikil nýliðun í greininni eftir að gullsmíðanáminu var breytt. „Nú er verið að útskrifa sex til átta á ári hverju.“

Sýningin Samspil verður opnuð í dag, fimmtudag, klukkan 18, en hún stendur fram á sunnudag.



JÓHANNES OTTÓSSON

**Kebab** er góður skyndibiti



**Kebab**
með lambakjöti eða kjúklingi
Með frönskum eða salati og gosi.
**1.550 kr.**

**Durum kebab**
með lambakjöti eða kjúklingi
Með frönskum eða salati og gosi.
**1.550 kr.**

**Parma borgari**
Með frönskum eða salati og gosi.
**1.450 kr.**

Kebab Center
Opið alla daga frá 10 til 22
Dalvegi 2 Kópavogi · Sími 581 1717
www.kebab-center.is

# VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem hlaut gæðavottun Skráargatsins




**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

**Þau eru óspratuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**

ROSE
Poultry from Denmark



## fasteignir




STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala

vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS



FASTEIGNASALAN TORG

KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR

Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is
Ábm. Sigurður Gunnlaugsson, lgfs.



Árni Ólafur Lárusson
Löggiltur skipasali.

**Til sölu: ferða- og skemmtibátur**



Til sölu fallegur ferða- og skemmtibátur, sannkallaður siglandi sumarbústaður. Tvær Volvo Penta vélar keyrðar 700 klst. Toppeintak.
Dráttarvagn fylgir. **Verð kr.17,500,000.-.**

**Upplýsingar í síma: 893 4416**



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Furuás 10 – Hafnarfjörður – Parhús**
**Opið hús í dag kl. 17.30 – 18.**



OPIÐ HÚS

Hraunhamar kynnir glæsilegt nýtt tvílyft parhús með innbyggðum bílskúr samtals 240 fm. Húsið við hliðin á afhendist í sama ástandi og sýningarhúsið þ.e. fullbúið að utan og fullbúið að innan án gólfefna..Lóð grófjöfnuð.

*Verið velkomin.* **Verð 55 milljónir.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**


## atvinna

# Sérfræðingur í upplýsingaöryggi

**Persónuvernd auglýsir eftir sérfræðingi í upplýsingaöryggi.**
**Um fullt starf er að ræða.**

Persónuvernd

**Starfssvið**
- Stefnumótun á sviði upplýsingaöryggis.
- Umsjón með kynningarstarfsemi stofnunarinnar um upplýsingaöryggismál.
- Ritstjórn öryggisskilmála í leyfum sem Persónuvernd veitir.
- Erlent samstarf á sviði upplýsingaöryggis.
- Skipulagning og framkvæmd úttekta á öryggi vinnslu persónuupplýsinga.
- Ráðgjöf til forstjóra og annars starfsfólks, þátttaka í innra starfi og önnur verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. í tölvunarfræði, verkfræði eða upplýsingafræði. Þekking á upplýsingaöryggisstöðlum, svo sem ISO/IEC 27001, er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð þjónustulund, frumkvæði, metnaður, sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með þriðjudagsins 15. apríl 2014.** Umsókn ásamt ferilskrá berist á netfangið postur@personuvernd.is eða á póstfangið Persónuvernd – Rauðarárstíg 10 – 105 Reykjavík. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfrestur rennur út verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnum um starfið skal beina til Kolbrúnar Bjarnadóttur skrifstofustjóra í síma 510 9600. Persónuvernd áskilur sér rétt til að ráða ekki í starfið.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Nánari upplýsingar á http://www.starfatorg.is


STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.


## tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030

Samkvæmt 1.mgr. 36.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030, ásamt umhverfisskýrslu.

Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar lagningar 66 kV jarðstrengs á milli Selfoss og Þorlákshafnar ásamt ljósleiðara. Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma á hringtengingu milli Selfoss og Þorlákshafnar og auka þannig afköst og afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Breytingin felst einnig í því að þjónustuvegur meðfram strengnum verður skilgreindur sem göngu og hjólastígur.

Línuleiðin liggur meðfram þjóðvegi nr. 34, Eyrarbakkavegi, um þéttbýli (meðfram svæðum sem skilgreind eru sem íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði), landbúnaðarsvæði og búgarðabyggð og hverfisverndarsvæði (fuglafriðland).
Rarik hefur lagt 66 kV jarðstreng frá tengivirki við Austurveg 66 á Selfossi að suðurmörkum bæjarins, þar sem gömul loftlína tekur við. Fyrirhugaður jarðstrengur verður samsíða þeim streng. Frá tengivirkinu liggur jarðstrengur umhverfis bæinn austanverðan, meðfram langholti og Suðurhólum, langleiðina að Eyrarbakkavegi.
Innan þéttbýlisins liggur strengurinn að mestu í lagnabelti meðfram götum og þverar Eyrarbakkaveg norðan Bjarkar. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi með Eyrarbakkavegi, vestan hans, að Tjarnarbyggð. Sunnan Tjarnarbyggðar sveigir strengurinn til vesturs meðfram Hreppamarkaskurði og svo með skurðum og vegum um svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarland að Ölfusárbrú.
Skipulagslýsing hefur verið auglýst og kynnt. Einnig hefur verið opinn kynningafundur þar sem tillagan var kynnt.

Skipulagstillagan mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 67 og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl 8-15 á tímabilinu 27. mars 2014 til og með 12. maí 2014. Skriflegar athugasemdir eða ábendingar við tillöguna þurfa að berast skipulag-og byggingarfulltrúa í síðasta lagi 12. maí 2014 og má senda þær í pósti til embættisins eða á netfangið bardur@arborg.is

Einnig er hægt að kynna sér tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á http://www.arborg.is

Selfossi 25.mars 2014.
Bárður Guðmundsson
Skipulags og byggingarfulltrúi Árborgar

## tilkynningar

# Aðalfundur 2014

Aðalfundur Félags bókagerðarmanna verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl kl. 17.00 að Stórhöfða 27 (sal Rafiðnaðarskólans, gengið inn Grafvarvogsmegin)

**Dagskrá:**

1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfssár
2. Reikningar sjóða félagsins
3. Lagabreytingar
4. Stjórnarskipti
5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
6. Kosning þriggja manna í FGT deild til tveggja ára
7. Kosning ritstjóra
8. Kosning í fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins
8. Nefndakosning
9. Önnur mál

Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu FBM frá og með 24. mars 2014.

Stórhöfða 31 SÍMI 552 8755
www.fbm.is fbm@fbm.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



S A F T

BORGARBYGGÐ

**Umhverfis- og skipulagssvið Borgarbyggðar óskar eftir tilboðum í verkið:**

# Gerð gangstétta og göngustíga í Borgarnesi 2014

**Hellulögn, steyptar stéttar og malarstígar**

Verkið er fólgið í gerð steyptra kantsteina og gangstétta, hellulagðrar gangstéttar og malarstíga.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Hellulögn | 235 m2 |
| Steyptur kantsteinn 10 cm | 600 m |
| Steyptur kansteinn 15 cm | 148 m |
| Steyptar gangstéttar | 875 m2 |
| Malbiksviðgerðir | 230 m2 |
| Malarstígar | 510 m2 |
| Þökulögn | 92 m2 |

Útboðsgögn verða afhent með rafrænum hætti, hægt er að óska eftir gögnum á skrifstofu Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi eða á netfangið: jokull@borgarbyggd.is frá og með föstudeginum 28. mars 2014.

Tilboð verða opnuð á sama stað, föstudaginn 11. apríl 2014, kl 11:00.

*Jökull Helgason*
*Forstöðumaður umhverfis- og skipulagssviðs*

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Miðbær Eyrarbakki – skipulagslýsing

Samkvæmt 1. mgr. 40. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir miðbæ Eyrarbakka.
Skiplagsreiturinn afmarkast af Bakarísstíg, Túngötu, Háeyrarvegi og sjóvarnargarði og er um 8.7ha að stærð.

Svæðið innan skipulagsreitsins er að stórum hluta íbúðarbyggð, en þar er einnig safnasvæðið á Eyrarbakka, með byggðasafn Árnesinga (Húsið, Assistentahúsið, Eggjaskúrinn) og Sjóminjasafnið. Sjóvarnagarðurinn er hafður utan við deiliskipulagsmörkin og flokkast ekki til byggðarinnar þó hann sé vissulega útvörður hennar mót suðurströndinni.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl . 8-15 skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 14.apríl 2014. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

***Selfossi 25. mars 2014.***
***Bárður Guðmundsson***
***Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.***

## fasteignir

byr fasteignasala — 10 ára 2003 - 2013

**Farsæl þjónusta í áratug**



**Pétur Kristinsson**
Lögg. fasteignasali
S: 893 9048



**Soffía Theodórsdóttir**
Lögg. fasteignasali

Austurmörk 4
Hveragerði
Sími: 483 5800
Gsm: 895 9098
www.byrfasteign.is

# Hveragerði er heitur reitur













# Smyrlaheiði – Sölusýning

## Opið hús 30. mars, frá kl. 14:00-16:00



**Til sölu glæsilegar 3ja -4ra herbergja íbúðir í raðhúsi á einni hæð að Smyrlaheiði í Hveragerði. Stærð frá 97 fm. Verð frá 20,5 millj.**

Innréttingar og skápar eru úr eik, eikarparket er á eldhúsi, stofu og herbergjum, en flísar á baðherbergi og anddyri.

Hverri íbúð fylgir stæði í bílageymslu og sérgeymsla sem staðsett er fyrir framan stæðið. Lóðin er mjög snyrtileg með fallegri hellulögn og lítill pallur er við hverja íbúð.

Sameiginleg aðstaða er í sér húsi sem staðsett er fyrir miðjum kjarnanum, þar er samkomusalur og fleira. Hér er um að ræða glæsilegar og bjartar íbúðir sem staðsettar eru stutt frá fallegum gönguleiðum.





# Við hjá Byr fasteignasölu, tökum vel á móti þér



# „Vanabindandi akstursánægja“

## Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi akstursegiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur.**




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með akstursölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



2 | KL. 21:10
**The Blacklist**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.

# **Fjölbreytt** fimmtudagskvöld



2 | KL. 19:50
**Life's Too Short**
Breskir gamanþættir úr smiðju húmoristanna Rickys Gervais og Stephens Merchant.



2 | KL. 20:25
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



2 | KL. 21:55
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



3 | KL. 19:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.




3 | KL. 19:50
**American Idol**
Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 8 | 3 | | | | 4 |
| | | 4 | 2 | | 5 | 9 | | |
| | | | 7 | 9 | | | 6 | |
| 5 | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | | | | | 2 | | 9 | 1 |
| | 3 | | 6 | | | | | |
| | 7 | | | 2 | 8 | | | |
| 3 | | 2 | | | | 5 | | |
| 9 | 4 | | | | | | 3 | 2 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | | |
| | | | | 2 | | | 3 | 1 |
| | 1 | | | 6 | | | | 7 |
| 4 | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 6 | | | 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | 4 | 3 | | | 2 | 9 | | 6 |
| 9 | | | 7 | 1 | | | | |
| 1 | | | 9 | 3 | | 8 | | 2 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 5 | 8 |
| | | | 3 | | 8 | | 1 | |
| | | 9 | 7 | | | | | 4 |
| 1 | 9 | 6 | | | 2 | | | 5 |
| | | | | | | 6 | | |
| 2 | | 8 | | 6 | | | | |
| | 8 | | | 3 | | | 9 | |
| | | 2 | | | 9 | 1 | | |
| | 4 | 1 | | 5 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 |
| 7 | 6 | 9 | 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 7 | 9 | 6 | 5 | 2 | 3 |
| 5 | 2 | 3 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 7 | 5 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 2 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 1 | 8 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 3 | 4 | 5 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 |
| 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Það er ekkert verra en skýr ljósmynd af óljósri hugmynd.“
*Ansel Adams*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** óskert, **6.** kringum, **8.** mánuður, **9.** mas, **11.** tveir eins, **12.** dútl, **14.** drykkjarílát, **16.** hvað, **17.** erta, **18.** eyrir, **20.** pfn., **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samsull, **3.** Í röð, **4.** peningar, **5.** tugur, **7.** græn baun, **10.** slit, **13.** móðuþykkni, **15.** réttur, **16.** merki, **19.** ullarflóki.

**SVÖR:**
**LÁRÉTT: 2.** allt, **6.** um, **8.** maí, **9.** mal, **11.** uu, **12.** stúss, **14.** bikar, **16.** ha, **17.** ýfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** gums, **3.** lm, **4.** lausafé, **5.** tíu, **7.** matbaun, **10.** lúi, **13.** ský, **15.** ragú, **16.** hak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ólafur Gísli Jónsson (1.890) tefldi afar kröftuglega gegn Kristni J. Sigurþórssyni (1.513) í fyrstu umferð Skákmóts öðlinga.**
**Svartur á leik:**



15...Hxe3! 16. Kxe3 Dg5+ 17. Kd3 (17. f4 Bxf4+!) 17...Bf5+ 18. Ke2 He8+ 19. Be4 Hxe4+! 20. Kf1 (20. fxe4 Bg4+) 20...Bh3+. Hvítur gafst upp enda mát eftir 21. Kg1 De3+. Anand hefur vinningsforskot á áskorendamótinu. **www.skak.is** Árnamessa í Stykkishólmi á laugardag.



FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR
2 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
GIGABYTE
FORCE K3
Einstaklega endingargott og flott leikjalyklaborð með sérstakri Matt Black áferð og ábrenndu íslensku letri
4.990
Á TILBOÐI Í MARS!
ALLT AÐ 25% LÆKKUN Á SSD DISKUM
7mm ÖRÞUNNUR LOW PROFILE
mushkin enhanced
120GB SSD
Með SSD stýrikerfisdisk færðu margfaldann hraða í allri vinnslu. Windows ræsir upp á örfáum sekúndum!
14.900
ENN BETRA VERÐ!
FRAMELESS TOUCH HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR
acer
V5-TOUCH
Öflug og glæsileg 14" Ultra-Thin fartölva með frameless snertiskjá, 4ra kjarna örgjörva og öflugu leikjaskjákorti
149.900
NÝ SENDING VAR AÐ LENDA!
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
8BLS BÆKLINGUR
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



2.990



2.990

KOMNAR
Í KILJU



2.990



2.990

*Endilega komdu við*
*– næg bílastæði og alltaf*
*heitt á könnunni!*




Opið alla virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími 575-5636
www.forlagid.is - alvöru bókabúð á netinu




## Sameinar gullsmiðinn og leikstjórann

**Erling Jóhannesson starfar nú við að leikstýra Sögunni af bláa hnettinum í Gdansk en skrapp heim um helgina til að setja upp sýningu á skartgripum í samstarfi við Þórarin Blöndal myndlistarmann á bryggju úti á Grandagarði.**

„Að því er mér skilst er það stefna í Póllandi að þeir sem geta komið á samstarfi út fyrir landamærin njóti forgangs í styrkveitingum. Þar þykir það nefnilega sniðugt að starfa með útlendingum og fá inn nýja strauma,“ segir Erling Jóhannesson, sem er heima í örstuttu hléi frá starfi sínu sem leikstjóri Sögunnar af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason í Gdansk, spurður hvernig það verkefni hafi komið til hans. „Við erum á fullu í æfingaferlinu og það verður frumsýning um miðjan maí þannig að ég fékk bara að skjótast heim til að sinna hlutverki mínu sem gullsmiður á HönnunarMars og halda sýningu.“

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 17 á bryggjunni bak við Kaffivagninn á Grandagarði. Erling sýnir nýja skartgripi og er sýningin unnin í samstarfi við Þórarin Blöndal myndlistarmann. Hvernig kom það samstarf til? „Við Tóti erum búnir að vinna saman í leikhúsinu í tuttugu ár og partur af hans myndlist eru innsetningar af rýmum sem hann hefur einhverra hluta vegna heillast af. Innbyggðar í þessi rými eru oft alls kyns misskynjanir sem mér finnst mjög skemmtilegt. Ég fékk hann til að sýna með mér og við tökum skartgripina sem ég er að búa til núna og setjum þá á alls konar vinnslustigum inn í þessi rými. Þannig fá skartgripirnir líf sem einhvers konar abstrakt form frekar en beinlínis sem skartgripir. Ég er að leika mér að því að setja það sem ég er að gera í annað samhengi, búa til aðra sögu.“



**ERLING GULLSMIÐUR** „Ég er að leika mér að því að setja það sem ég er að gera í annað samhengi, búa til aðra sögu.“ FRÉTRABLAÐIÐ/VALLI

Þú nærð þá að sameina hlutverk gullsmiðsins og leikstjórans á einu bretti? „Já, og losna við leikarana, sem er mikill kostur,“ segir Erling sposkur.

Sýningin verður einungis opin fram á sunnudag, milli 14 og 17 alla dagana.

**fridrikab@frettabladid.is**

## Færeysk hönnun í Kraumi

**Glerlist, skartgripir, leðurtöskur og púðar eru meðal muna á sýningu sem færeyskir hönnuðir opna í Kraumi, Aðalstræti 10, í Reykjavík í dag.**

Tólf færeyskir hönnuðir sýna verk sín á annarri hæð í Kraumi í Aðalstræti 10 í Reykjavík frá og með deginum í dag. Um einstakar færeyskar vörur er að ræða, svo sem handprjónaðar peysur með færeyskum mynstrum, töskur úr lamb- og selskinnum, skart og aðra fylgihluti, glermuni og búsáhöld.

Færeyingarnir sækja innblástur í náttúru eyjanna, sjá má bergmyndanir í púðamynstrum Meimakers, færeyskar kindur í símynstruðum peysum Shisu Brand og lundinn með sitt marglita nef verður Mikkalínu Nordberg glerlistakonu endalaust yrkisefni.

Sýning Færeyinganna tilheyrir HönnunarMars. Um sölusýningu er að ræða og stendur hún til 9. apríl.

**- gun**



**GLERLIST** Þeir eru skrautlegir, fuglarnir hennar Mikkalínu Nordberg.




Listmunauppboð í Gallerí Fold

Opið til kl. 22 í kvöld í tilefni Hönnunarmars

Íslenskur sófi

Hönnuðir: Guðrún Margrét Ólafsdóttir, Oddgeir Þórðarson og Tolli

„Stórt skref stigið í hönnun og bólstrun“

*Eyjólfur Pálsson í Epal, Vikan 1989.*

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# FRÁBÆRAR GJAFABÆKUR Í FERMINGARPAKKANN




**Verð kr. 8.999,-**
Stafsetningarorðabókin




**Verð kr. 8.999,-**
Mótorhjól í máli og myndum



**Verð kr. 8.999,-**
Biblían




**Verð kr. 27.899,-**
Íslensk listasaga




**Vildarverð kr. 7.499,-**
Verð áður kr. 7.999,-
Stafræn ljósmyndun




**Verð kr. 4.999,-**
Steinn Steinarr - Ljóðasafn

KOMIN AFTUR




**Verð kr. 6.999,-**
Prjónabiblían




**Verð kr. 9.999,-**
Karólína Lárusdóttir




**Verð kr. 19.999,-**
Perlur í náttúru Íslands




**Verð kr. 4.999,-**
Ljóðaúrval - Jónas Hallgrímsson




**Verð kr. 6.999,-**
Megas - textar 1966-2011



**Verð kr. 2.499,-**
Ástarljóð Davíðs Stefánssonar

| | | |
|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Smáralind | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Strandgötu 31, Hafnarfirði | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 |
| Kringlunni | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Faxastíg 36 |
| Álfabakka 14b, Mjódd | Akranesi - Dalbraut 1 | Penninn - Hallarmúla 4 |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 27. mars til og með 31. mars eða á meðan birgðir endast.



**4G** LTE

**1.000 kr.** notkun í 6 mánuði fylgir!

**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.



**4G** LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!

**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.

# NÝJUSTU SMELLI

## SJÁLFSMELLU-HNAPPUR

**2.490 kr.** stgr.

Kynningarverð: **1.990 kr.**

HISY þráðlaus myndavéla-hnappur fyrir iPhone (iOS 7).




**Nýtt hjá Nova!**

## BÍÓKORT

**3.790 kr.** stgr.

Gildir fimm sinnum í bíó!






**Urbanears**

**11.990 kr.** stgr.

Margir litir fáanlegir.



**Bagis heyrnartól**

**5.990 kr.** stgr.



**Xqisit bluetooth** hátalari

**5.990 kr.** stgr.

Bara svo miklu betra hljóð.
Fáanlegir í fjórum litum.

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri. Þjónustuver 519 1919** | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símnotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is.



iPad mini 16 GB, WiFi
49.990 kr. stgr.
2.990 kr. /18 mán.
Samsung Galaxy Tab 3 7“ WiFi
29.990 kr. stgr.
2.790 kr. /12 mán.
RNIR HJÁ NOVA!
Polar Loop snjallband
19.990 kr. stgr.
Nike+ FuelBand SE
29.990 kr. stgr.
4G LTE
1.000 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!
4G LTE
1.000 kr. notkun í 3 mánuði fylgir!
Samsung Galaxy S4 Plus
99.990 kr. stgr.
5.990 kr. /18 mán.
LG G2
79.990 kr. stgr.
4.890 kr. /18 mán.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA



**SÆLL SIGURVEGARI** Kristín Inga Jónsdóttir sigraði karókíkeppni háskólanna í fyrra. MYND/EINKASAFN

# Karókíkeppni háskólanna 2014

Í kvöld fer fram fyrra undankeppnikvöld karókíkeppni háskólanna 2014. Keppendur hvaðanæva af landinu taka þátt og fer keppnin fram í Stúdentakjallaranum.

„Það verður allt troðfullt því það eru bara fjögur pláss laus á seinna undankeppnikvöldinu,“ segir Páll Eyjólfsson einn aðstandenda og skipuleggjandi karókíkeppni háskólanna 2014 sem fram fer í Stúdentakjallaranum í kvöld. Næstu þrjár vikurnar fer karókíkeppnin fram, fyrra undankeppnikvöldið í kvöld og það seinna 3. apríl og keppt verður til úrslita 10. apríl. Keppnin, sem haldin er af Bláa kortinu og Hringtorgi í samstarfi við K100.5 og Stúdentaráð, var haldin í fyrsta sinn í fyrra og vakti þá mikla gleði og var því ákveðið að endurtaka leikinn í ár.

„Í fyrra var Eurovision-þema en í ár er alþjóðlegt þema. Í fyrra voru fyrstu verðlaun þrír miðar á lokakeppni Eurovision en nú eru fyrstu verðlaun gjafabréf í millilandaflug upp á 120.000 krónur,“ segir Páll. Að auki verður fjöldi aukaverðlauna veittur fyrir önnur atriði.

Hann segir að fólk komi alls staðar að af landinu til þess að sýna listir sínar í karókí. „Hver veit nema við stækkum þetta næst og förum með þetta út á land líka.“

Dagskráin hefst klukkan 20.00 öll kvöldin. Fjöldi keppenda er takmarkaður og í fyrra komust færri að en vildu. Skráning stendur nú yfir hjá skraning@hringtorg.is.

Dómarar í keppninni í ár verða stórsöngvararnir Matti Matt og Eyþór Ingi en kynnir verður Sigvaldi Kaldalóns, betur þekktur sem Svali. **- glp**






# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 27. MARS 2014**

## Leiklist

**20.00** Möguleikhúsið sýnir leiksýninguna Eldklerkinn í Hofgarði í Öræfasveit í kvöld klukkan 20.00. Sýningin hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda, en nýlega lauk sýningum í Reykjavík.

## Fræðsla

**17.15** Í dag klukkan 17.15 er þriðja og síðasta erindið um Nýtni og nægjusemi í Bókasafni Kópavogs. Þá talar Ásdís Jóelsdóttir, hönnuður, kennari og rithöfundur, um hvernig hægt er að nýta fötin sín betur svo og ýmsa textílvöru á heimilinu. Allir velkomnir, ungir og eldri. Ókeypis aðgangur.

## Sýningar

**17.00** Í dag verður sýningin The Cartographer's Kitchen opnuð í SÍM salnum, Hafnarstræti 16. The Cartographer's Kitchen er samsýning 10 erlendra listamanna sem hafa dvalið og starfað í gestavinnustofu SÍM á Seljavegi í þessum mánuði. Á sýningunni verða málverk, teikningar, ljósmyndir, vídeó, innsetning og skúlptúr. Sýningin er í dag opin frá klukkan 17-19 og á morgun frá klukkan 10-14.

**17.00** Seltjarnarnesið hefur tekið algjörum stakkaskiptum á sýningu grafíska hönnuðarins, myndlistarkonunnar og Seltirningsins Elsu Nielsen á sýningu sem opnuð verður í Eiðisskeri, Bókasafni Seltjarnarness, við Eiðistorg í dag klukkan 17.00 í tilefni af Hönnunarmars. Í meðförum Elsu hefur Gróttuviti fengið nýtt hlutverk, Seltjarnarneskirkja hefur sig til flugs og Rauða ljónið hefur bókstaflega lifnað við svo eitthvað sé nefnt. Á sýningunni brýtur Elsa allrækilega upp sitt nánasta umhverfi og ljær þekktustu kennileitum Seltjarnarnesbæjar ævintýralegan ljóma með nýrri og frumlegri nálgun.

**20.00** Ævintýraóperan Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur verður frumsýnd í Iðnó í kvöld klukkan 20.00. Flytjendur eru nemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík, 12 söngvarar og 11 manna hljómsveit. Stjórnandi er Tryggvi M. Baldvinsson og leikstjóri er Þórunn Guðmundsdóttir.

## Kvikmyndir

**15.00** Evrópa hlær er nafnið á kvikmyndhátíð sem haldin verður í Kamesi aðalsafns Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15 dagana 22. til 30. mars. Þar er fjallað á gamansaman og á köflum grátbroslegan hátt um samskipti þjóðarbrota, innflytjenda og innfæddra í Evrópu. Hátíðin er haldin í samstarfi við Goethe-Institut í Danmörku. Í dag er myndin Red Colored Grey Truck (Rauðlitaður grár trukkur) sýnd. Hún fjallar um ferðir litblinds bosnísks sveitagervitöffara með vörutrukkadellu og litríkrar, óléttrar rokksöngkonu frá Belgrad um lönd Júgóslavíu við upphafa borgarstyrjaldarinnar. Myndin hefst klukkan 15.00.



## Uppistand

**21.30** Valdemar Pustelnik er einn af fremstu uppistöndurum Danmerkur og kemur reglulega fram bæði á dönsku og ensku víðs vegar um Evrópu. Uppistandið hans er blanda af rugluðum sögum um það sem hefur komið fyrir hann á lífsleiðinni, tónlistargríni, grilli í áhorfendum, hans eigin furðulegu sýn á lífið, tilveruna, stjórnmál og almennt allt það sem hægt er að gera grín að. Ásamt Valdemar munu koma fram Rökkvi Vésteinsson og einhver af efnilegustu grínistunum úr Tilraunauppistöndunum,

# Áhorfendur ákveða næsta lag

Hljómsveitin SamSam kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg í kvöld.

„Við erum búnar að vera í smá pásu út af Eurovision og höfum saknað strákanna mikið. Það verður gaman að syngja lögin okkar aftur,“ segir söngkonan og fyrrverandi knattspyrnukonan Greta Mjöll Samúelsdóttir, en hún kemur fram ásamt systur sinni, Hófí Samúelsdóttur, og hljómsveitinni þeirra, SamSam, á Café Rosenberg í kvöld.

Með þeim leika Guðmundur Reynir Gunnarsson á píanó, betur þekktur sem Mummi, Marínó Geir Lillendahl á trommur, Fannar Freyr Magnússon á gítar og Sigurgeir Skafti Flosason á bassa.

SamSam ætlar að leika efni af óútkominni plötu en fyrsta plata sveitarinnar kemur út í haust. Áður hefur bandið gefið út lögin House og Awesome. „Við ætlum að láta áhorfendur á tónleikunum ákveða hvaða lag á að fara í upptökur næst, því við erum svo óákveðnar sjálfar,“ segir Greta Mjöll létt í lundu.

Hún söng lagið Eftir eitt lag í Söngvakeppni Sjónvarpsins fyrir skömmu. „Að sjálfsögðu ætlum við að taka slagarann og júrópæjurnar Ásta Björg og Rakel slást í hópinn,“ segir Greta Mjöll.

Þær Ásta Björg Björgvinsdóttir og Rakel Pálsdóttir ætla einnig að hita upp með nokkrum frumsömdum lögum og þá ætla Lúxordrengirnir Arnar Jónsson og Edgar Smári Atlason að syngja nokkur lög. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og er miðaverð 1.500 krónur.

- glp



**TÓNLEIKAR Í KVÖLD** Systurnar Greta Mjöll og Hófí Samúelsdætur koma fram ásamt hljómsveitinni sinni SamSam í kvöld. MYND/HANNA GESTSDÓTTIR

sem haldin hafa verið í hverjum mánuði í Comedy Klúbbnum á Bar 11. Uppistandið hefst klukkan 21.30.

### Tónlist

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur fram á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. Þar leikur hún sinfóníu Beethovens, nýtt ónefnt verk Daníels Bjarnasonar, Eldfuglinn og Ævintýrið um Shéhérazade úr Þúsund og einni nótt. Ilan Volkov er hljómsveitarstjóri og Allison Bell er einsöngvari. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30.



**20.00** Sigga Beinteins, Guðrún Gunnars og Jógvan Hansen flytja skemmtilega söngdagskrá sem þau hafa unnið saman að undir heitinu Við eigum samleið. Hérna er á ferðinni einstaklega ljúfir og skemmtilegir tónleikar með gömlu góðu sönglögunum sem allir þekkja og elska. Sigga, Guðrún og Jógvan segja sögur milli laga eins og þeim einum er lagið. Á dagskránni eru meðal annars lögin Heyr mína bæn, Ég er kominn heim, Til eru fræ, Kata rokkar, Ég veit þú kemur og Dagný, ásamt fleiri perlum úr íslenskri dægurlagasögu. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00.

**21.00** Í kvöld verður blásið til veislu á Gamla Gauknum þegar hljómsveitirnar Strigaskór Nr. 42, Bob og The cocksuckerband leika þar á tónleikum. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og kostar 1.000 krónur inn.

**22.00** SamSam og Mummi skemmta á Café Rosenberg í kvöld og hefjast tónleikarnir klukkan 22.00.

**22.00** Dægurlagapönkhljómsveitin Húfa heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld klukkan 22.00.

### Fyrirlestrar

**09.30** DesignTalks fyrirlestadagur HönnunarMars markar upphaf hátíðarinnar, líkt og undanfarin ár. Einvala lið alþjóðlegra hönnuða og arkitekta flytur erindi á fyrirlestradeginum sem ber heitið Dealing with Reality. Þar verða ný hlutverk hönnuða og arkitekta í brennidepli og hönnun skoðuð sem leiðandi afl á umrótatímum, í óvæntu samhengi og samstarfi. Fyrirlesarar eru Calvin Klein frá Calvin Klein Inc., Robert Wong frá Google, Mikael Schiller frá Acne Studios, Marco Steinberg frá Helsinki Design Lab og Kathryn Firth frá London Legacy Development Corporation. Fundarstjórar eru Hlín Helga Guðlaugsdóttur, hönnuður, listrænn stjórnandi og lektor við Konstfack-listaháskólann í Stokkhólmi, og Stephan Sigrist frá svissnesku hugveitunni W.I.R.E.

**12.00** Það er opinn fyrirlestur í Odda 101 í Háskóla Íslands og hefst hann klukkan 12.00, undir yfirskriftinni Skipulag til árangurs. Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, tekur til máls og fundarstjóri er Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands.

### Samkoma

**20.00** Komum saman og horfum á klassískar kvikmyndir og jafnvel spjöllum aðeins um þær. Til hliðsjónar höfum við listann „Kvikmyndir sem þú þarft að sjá áður en þú deyrð“. Samkoman fer fram í Sláturhúsinu menningarhúsi, Kaupvangi 7, Egilsstöðum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




# Hreinræktaður húmor í innyflakássu

KVIKMYNDIR ★★★★☆

**Dead Snow: Red vs. Dead**
Leikstjóri: Tommy Wirkola
**AÐALHLUTVERK:** VEGAR HOEL, ØRJAN GAMST, MARTIN STARR, HALLVARD HOLMEN, JOCELYN DEBOER OG INGRID HAAS

Dead Snow: Red vs. Dead er framhald norsku sombímyndarinnar Dead Snow sem sló óvænt í gegn árið 2009. Þeir sem hafa ekki séð fyrri myndina þurfa ekki að örvænta því framhaldsmyndin byrjar á því að rifja upp helstu tíðindi þeirrar fyrri.

Satt best að segja bjóst ég ekki við miklu. Fyrri myndin var ágæt en tók sig helst til of alvarlega í staðinn fyrir að leyfa húmornum að hafa yfirhöndina. Framhaldsmyndin kom mér skemmtilega á óvart og er hún talsvert betri en sú fyrri. Húmorinn ræður hér ríkjum og er leikstjóranum Tommy Wirkola ekkert heilagt þegar hann gengur fram af áhorfendum aftur og aftur. Alltaf þegar mér leið eins og ég væri að horfa á extra langan Steindaþátt tónaði Tommy myndina niður sem varð til þess að hún hélt mér allan tímann.

Myndin er í einu orði sagt sprenghlægileg. Ég hló allan tímann og er greinilegt að kvikmyndagerðarmennirnir hafa unun af því sem þeir eru að gera. Húmorinn verður til þess að þó að blóðið flæði og innyfli kastist hingað og þangað gæti myndin skemmt hverjum sem er.

Hér eru engir Óskarsverðlaunahafar á ferð en myndin á eflaust eftir að slá í gegn hjá áhorfendum um allan heim.

**NIÐURSTAÐA** Þessi mynd rakar ekki til sín faglegum og fáguðum kvikmyndaverðlaunum en hún heldur manni, er sprenghlægileg og gengur endurtekið fram af manni. Hreinræktað skemmtiefni!



**BRJÁLAÐIR UPPVAKNINGAR** Þeir eru ekki frýnilegir, nasistasombíarnir í Dead Snow: Red Vs Dead.

## FRUMSÝNINGAR



### The Grand Budapest Hotel
**gaman**

**AÐALHLUTVERK**
Ralph Fiennes, Jude Law, Tilda Swinton, Léa Seydoux, Edward Norton og Bill Murray

IMDb 8,4/10
Metacritic 87/100
Rotten Tomatoes 91/100

### The Nut Job
**teiknimynd**



**AÐALHLUTVERK**
Will Arnett, Brendan Frasier, Katherine Heigl, Jeff Dunham, Liam Neeson og Gabriel Iglesias

IMDb 5,7/10
Metacritic 36/100
Rotten Tomatoes 11/100

### Nick Cave opnar hátíðina



Opnunarmynd hátíðarinnar Reykjavík Shorts&Docs er heimildarmyndin 20.000 Days on Earth um tónlistarmanninn og Íslandsvininn Nick Cave. Myndin verður sýnd 3. apríl í Bíó Paradís og á meðan á hátíðinni stendur en í ár eru heimildarmyndir um tónlist og listir í forgrunni á hátíðinni.

# Russell ofkældist á Íslandi

**Stórmyndin Noah verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin var tekin upp hér á landi sumarið 2012 og fjallar um eina þekktustu söguna úr Biblíunni. Aðalleikarinn, Russell Crowe, brotnaði niður á tökustað.**

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@frettabladid.is

Stórmyndin Noah verður frumsýnd á Íslandi á morgun, föstudag. Myndin var tekin upp hér á landi sumarið 2012 og fær íslenskt landslag að njóta sín í þessari þekktu Biblíusögu um Nóa og örkina hans.

Flestir þekkja söguna en hún fjallar um það þegar Guð miðlaði því til Nóa að syndaflóðið væri í nánd og að hann þyrfti að byggja örk til að viðhalda lífi á jörðinni.

Leikstjóri myndarinnar, Darren Aronofsky, gekk með hugmyndina í maganum um að gera myndina frá því hann var þettán ára gamall en hún er hans sýn á þessa heimsfrægu sögu.

Stórleikarinn Russell Crowe leikur Nóa sjálfan og lýsti því í viðtali við Daily Mail á dögunum að hann hefði bugast í tökunum, sérstaklega í atriði þar sem hann dettur í ískaldan sjóinn.

„Ég ofkældist. Þegar tökum á atriðinu lauk lá ég á steinum og gat ekki staðið upp. Ég gat ekki hætt að skjálfa og ég gat ekki hætt að gráta,“ segir Russell. Hann var samt ekki fyrsti valkostur aðstandenda myndanna í hlutverk Nóa. Christian Bale og Michael Fassbender var báðum boðið hlutverkið en þeir þurftu að hafna vegna anna.

Myndin hefur verið ansi umdeild og hefur verið bönnuð í Bahrein, Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmunum því hún fer á móti því sem kennt er í íslamskri trú. Þá hefur myndin einnig verið bönnuð í Egyptalandi vegna svipaðra ástæðna.

Auk Russells eru það Jennifer Connelly, Logan Lerman, Nick Nolte, Anthony Hopkins, Emma Watson og Ray Winstone sem leika aðalhlutverkin.




**FYRRI MYNDIR DARRENS ARONOFSKY**



| | PI 1998 | REQUIEM FOR A DREAM 1998 | BELOW 2002 | THE FOUNTAIN 2006 | THE WRESTLER 2008 | BLACK SWAN 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikstjóri | ■ | ■ | | ■ | ■ | ■ |
| Handritshöfundur | ■ | ■ | ■ | ■ | | |
| Framleiðandi | | | ■ | | ■ | ■ |

### → Íslenska veðrið glatað fyrir kvikmyndagerð

Darren Aronofsky, leikstjóri myndarinnar, kom til landsins í síðustu viku til að vera viðstaddur frumsýningu Noah. Hann hélt blaðamannafund í Egilsbíói og rómaði land og þjóð.

„Allt útlit myndarinnar er innblásið af Íslandi, hvort sem það er förðunin, búningarnir eða örkin sjálf,“ sagði Darren. Hann er mikill Íslandsvinur og var boðið til Íslands fyrst árið 1998. Síðan hefur hann haft dálæti á landi og þjóð, þó veðrið á Íslandi sé ekki hans besti vinur.

„Veðrið ykkar er eiginlega glatað – þá til að taka upp myndir. Hér getur veðrið breyst á hverri stundu eins og þið vitið en það kenndi mér sem sjálfstæðum skæruliðakvikmyndagerðarmanni að vinna með það sem manni er gefið. Og það gerði ég og myndin varð öðruvísi fyrir vikið.“




MEIKAR
ÞÚ HITANN?
Sjóðheitur
réttur á aðeins
899
kr.
CAJUN
BOXMASTER
ER HOT,
HEITUR,
HEITASTUR!
CAJUN
BoxMaster
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS
PIPAR\TBWA • SÍA • 140457

## Trend á Twitter Kærastinn orðinn tveggja ára gamall

Kassamerkið **#2YearsOfBoyfriend** er gríðarlega vinsælt á Twitter þessa dagana og vísar til þess að tvö ár eru liðin síðan smellurinn Boyfriend með Justin Bieber heyrðist fyrst. Aðdáendur hans, sem kalla sig Beliebers, eru duglegir við að hvetja kauða áfram og stutt er síðan kassamerkið **#4YearsOfBaby** trendaði á Twitter til að fagna fjórum árum frá því að lagið Baby skók heimsbyggðina.



justin
**@iObeyyKidrauhl**
**#2YearsOfBoyfriend** Ótrúlegt. Tíminn líður svo hratt en ég er stoltur af þér @ justinbieber

ohh kill em
**@xChickenBieber**
**#2YearsOfBoyfriend** Ég man þegar ég öskraði þegar myndbandið kom því það var svo ótrúlegt

Bizzle
**@SecuteBelieber**
Tvö ár eru liðin en ég hlusta enn þá á það á hverjum degi **#2YearsOfBoyfriend**

Bieber Fentys
**@bieberfentys**
**#2YearsOfBoyfriend** og ég er enn pirruð yfir því að tónlistarmyndbandinu hafi verið breytt

Jayne & Danah
**@stankidrauhl**
**#2YearsOfBoyfriend** Þetta markaði tímamót. Þá breyttist Justin í fullorðinn einstakling

# Ilmaðu eins og strákasveit

### One Direction setur annað ilmvatn á markað og heitir það That Moment.

Strákasveitin One Direction, sem samanstendur af Niall Horan, Zayn Malik, Liam Payne, Harry Styles og Louis Tomlinson, ætlar að setja sitt annað ilmvatn á markað og fer það í sölu í Bandaríkjunum 5. maí. Ilmvatnið heitir einfaldlega That Moment en þeir settu ilminn Our Moment á markað í júní í fyrra.

One Direction lætur sér ekki nægja að framleiða bara ilmvatn í þetta sinn og verður líka sturtusápa og líkamskrem í línunni.

Sveitin lenti í þriðja sæti í sjöundu seríu af breska X Factor árið 2010. Í kjölfarið skrifuðu strákarnir undir samning við tónlistarútgáfu mógúlsins Simons Cowell, Syco Records.

Strákarnir eru langt frá því að vera fyrstu stjörnurnar sem framleiða ilmvötn undir sínu nafni en meðal frægra fólksins sem hefur dembt sér út í ilmbransann eru Christina Aguilera, Jennifer Aniston, Britney Spears, Peter Andre, Beyoncé, David Beckham og Justin Bieber.




**ILMANDI GLAÐIR** Strákarnir í One Direction dýfa sér í ilmvatnsbransann.

Félag um innri endurskoðun
Innri endurskoðunardagurinn 2014
1. apríl 2014 kl. 8:00 – 12:00

**Innri endurskoðunardagurinn 2014**

Icelandair Hotel Reykjavík Natura (Hótel Loftleiðir)
Ráðstefnustjóri: Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarformaður Stika ehf.

**08:00–08:30 Skráning og morgunverður**

**08:30–08:45 Ráðstefnan sett**
*Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður Félags um innri endurskoðun*

**08:45–09:30 Trends in European Corporate Governance and Internal Audit**
*Martin Stevens, varaformaður Norges Interne Revisorers Forening og stjórnarmaður í Evrópusamtökum innri endurskoðenda (ECIIA)*

**09:30–10:00 Hlutverk innri endurskoðunar í áhættustýringu og regluvörslu**
*Ágúst Hrafnkelsson, stjórnarmaður í alþjóðasamtökum innri endurskoðenda og meðlimur í staðlaráði IIA*

**10:00–10:20 Kaffi**

**10:20–11:00 Audit Committee and Board Oversight - The Role of Internal Audit**
*Neil Graeme Brown, formaður endurskoðunarnefndar Íslandsbanka*

**11:00–11:20 Innri endurskoðun hjá ríkinu og frumvarp til laga um opinber fjármál**
*Ingþór Karl Eiríksson, sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti*

**11:20–11:45 Eftirlitshlutverk Alþingis**
*Brynhildur Pétursdóttir, alþingismaður*

**11:45–12:00 Fyrirspurnir og umræður**

**12:00 Ráðstefnuslit**

Ráðstefnugjald er 15.500 kr.
Ráðstefnan er öllum opin og gefur fjórar endurmenntunareiningar hjá FIE / IIA og FLE.

***Skráning sendist í tölvupósti til fie@fie.is fyrir kl. 16:00 þann 28. mars nk.***



**NÝSTÁRLEGT JÓGA** Tómas Oddur Eiríksson kennir Yoga Moves. MYND/EINKASAFN

# Nýstárlegt og hressandi jóga

### Tómas Oddur Eiríksson jógakennari blandar saman jóga, dansi og hugleiðslu í tímunum Yoga Moves.

„Ég var að kenna jógatíma á laugardögum og byrjaði þá á að láta fólk hrista úr sér spennuna í lok tímans og út frá því fékk ég hugmyndina að Yoga Moves-tímunum," segir hinn 25 ára gamli jógakennari Tómas Oddur Eiríksson.

Hann kennir nýstárlegt jóga á fimmtudagskvöldum sem kallast Yoga Moves en þar blandar hann saman jóga, dansi og hugleiðslu í einum tíma. „Tímarnir byrja á hefðbundnu jóga en svo fer tónlistin á fullt og við dönsum og fólk fær að sleppa sér, svo enda tímarnir á hugleiðslu," útskýrir Tómas Oddur.

Í hverjum Yoga Moves-tíma er plötusnúður sem sér um að koma fólki í stuð þegar sá hluti tímans rennur upp. „Ég þekki marga plötusnúða þannig að ég er með mismunandi plötusnúða í tímum hjá mér. Hver tími er frábrugðinn öðrum og bý ég til lagalista fyrir hvern tíma," segir Tómas Oddur en hann fær ennig með sér gestakennara í tímana.

Hann er menntaður jógakennari og lærði meðal annars hjá Ingibjörgu Stefáns frá Yoga Shala og útskrifaðist hann árið 2012. „Ég hef verið að kenna hjá Yoga Shala í tvö ár, svo kenni ég einnig í Íslenska dansflokknum og í Kramhúsinu," bætir Tómas Oddur við.

Hann segir Yoga Moves virka vel á Íslandi því hér sé mikil andleg vakning í gangi. „Þetta er að virka vel því fólk fær hjá okkur tækifæri til að sleppa sér og ekki í glasi. Það er svo frelsandi að dansa í góðu andrúmslofti." Einnig er boðið upp á Yoga Moves fyrir staka hópa, líkt og vinnuhópa eða hópefli.

gunnarleo@frettabladid.is



**GÓÐ SKEMMTUN** Yoga Moves sameinar, jóga, dans og hugleiðslu í einum og sama tímanum. MYND/EINKASAFN

→ Tímarnir eru á fimmtudagskvöldum klukkan 20.00 og fara fram á Dansverkstæðinu við Skúlagötu. Hægt að fræðast frekar um tímana á facebook.com/yogamove.

# AFMÆLIS-TILBOÐ

## ÍSLENSKU ALPARNIR 10 ÁRA

### Dúnúlpur

14.995 Tilboð



### Softshell buxur

50% afsláttur

~~24.995~~

12.496



### Fivefingers

35% afsláttur



### Salomon skór

35% afsláttur



### Kuldaúlpur

50% afsláttur



### Primaloft úlpur

50% afsláttur



~~24.995~~

12.496

### Krakkaúlpur

50% afsláttur



Nr. 116-176

~~19.995~~

9.995

Íslensku ALPARNIR

2004 - 2014

Mikið úrval af tilboðum, allt að 70% afsl.

faxafen 8 • 108 reykjavik • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



**TILNEFND** Lani og Andri Snær hlutu tilnefningu. FRÉTTABLAÐIÐ/NORRÆNA HÚSIÐ

## Andri Snær og Lani tilnefnd

Tímakistan eftir Andra Snæ Magnason og Stína stórasæng eftir Lani Yamamoto eru tilefndar til barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Tilnefningar voru opinberaðar á bókamessunni í Bologna í gær. Athöfn var af þessu tilefni í Norræna húsinu þar sem íslensku höfundarnir tóku við viðurkenningu.

Verðlaunin njóta mikillar virðingar, en ákvörðun um að stofna til þessa verðlauna var tekin í fyrra af Norðurlandaráði í samstarfi við menningarmálaráðherra Norðurlanda. - ósk

# Göngulag

**BAKPANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



**HVAÐ** eyðir meðalmaður miklu í tískufatnað á ári? 100 þúsund kalli? 200 þúsund kalli? 500 þúsund kalli? Við erum með tísku á heilanum. Allir að reyna að tolla í tískunni, kaupa flott föt, vera með flott hár. Svo skiptir máli að geyma flottu hlutina sína í flottri tösku. Og jafnvel þeir sem hata efnishyggju eru með einhvern annan hégóma: passa sig að lesa töff bækur, hafa töff skoðanir, hugsa töff.

**ÉG** er alls ekki að gagnrýna fólk sem vill vera töff. Það er bæði eðlilegt og eftirsóknarvert. En ég held að flestir séu að fókusa á vitlausa hluti.

**ÞAÐ** eina sem gerir fólk töff er göngulag. Ég hef séð fólk klætt í frotté-jogginggalla með buff á höfði sem er með svo fágað og aðlaðandi göngulag að það hefði hæft hirð Rómanov-ættarinnar. Það skiptir engu máli þó þú keyrir um á Toyota Rav4 (sorrí Rav4-eigendur en þeir eru alls ekki kúl). Það eina sem skiptir máli er göngulag þitt úr bílnum og inn á vinnustaðinn. Allt fólk sem ég hef hrifist af í gegnum tíðina á það sameiginlegt að vera með aðlaðandi göngulag.

**FÓLK** á að vinna í göngulagi sínu. Íslendingar eru með búralegt göngulag upp til hópa. Þó erum við langt um skárri en Danir sem vagga um eins og flotbelgir. Fegurst ganga Austur-Evrópubúar. Tuttugasta öldin var þeim erfið. Fyrst voru það nasistarnir og svo kommarnir – en það tókst aldrei að berja úr þeim hið fagra göngulag.

**VIÐ** höfum nóg af fyrirmyndum. Við þurfum til dæmis ekki að ræða swaggið í Nelson Mandela þegar hann tölti úr fangelsinu á Robben-eyju því aðalmálið er að eyða tíma og peningum í þetta. Fara í ræktina og byggja upp góða fótavöðva, kaupa bækur, skoða blogg en fyrst og fremst dæla peningum í alla hluti sem tengjast göngulagi. Ef göngulagsiðnaðurinn er ekki þegar til þá verðum við að búa hann til. Ég krefst þess að fólk hreinlega sturti peningum í þetta viðfangsefni!

# Hátækniprjón og steinaldarhlutir í nútímabúning

**HönnunarMars hefst í dag með pomp og pragt. Partur af því er samsýning fjögurra iðn- og vöruhönnuða í Hannesarholti þar sem verða til sýnis kökustimplar, hátækniprjónateppi og steinaldarhlutir færðir inn í nútímann svo eitthvað sé nefnt. „Sjón er sögu ríkari," segir hönnuðurinn Hanna Dís Whitehead.**

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

„Þetta er samsýning þar sem áhersla er á iðn- og vöruhönnun og óhætt að segja að hér kennir ýmissa grasa," segir hönnuðurinn Hanna Dís Whitehead sem er ein af aðstandendum sýningar sem verður opnuð í Hannesarholti í dag klukkan 20.

Ásamt Hönnu Dís eru hönnuðirnir Rúna Thors, Petra Lilja, Vík Prjónsdóttir og sænski hönnunarmiðillinn Summit í Hannesarholti. Öll eru þau með mismunandi verk til sýnis.

Vík Prjónsdóttir og sænski hönnuðurinn Petra Lilja taka höndum saman og frumsýna hátækniprjónateppi unnið út frá goðsögninni um Medúsu. „Þetta er í raun listaverk og eins og prentuð mynd, Sjón er sögu ríkari í þessum efnum," segir Hanna Dís sem sjálf sýnir sína eigin hönnun sem nefnist Fortíð í nútíð. „Þar er ég að velta fyrir mér hvernig við mundum nota hluti úr steinöld í nútíðinni. Við Rúna Thors hönnum svo saman undir merkinu Whitehorse og í ár eru við með svokallaða kökustimpla til sýnis."

Sænski hönnunarmiðillinn Summit verður með ferðasjóðsverkefnið sitt á sýningunni en Summit er hönnunar- og arkitektúrhlaðvarp sem gefur einnig út bækur. Blaðamenn á þeirra vegum ætla að selja skissur frá fimm þekktum sænskum hönnuðum og verður ágóðinn af sölunni veittur einum íslenskum hönnuði sem hann á að nýta sér til að fara á Stockholm Design Week árið 2015.

„HönnunarMars er viðburður sem skiptir okkur gríðarlega miklu máli enda tækifæri fyrir okkur að ná til almennings, hitta aðra sem starfa í sama geira og mynda tengslanet," segir Hanna Dís sem hlakkar til daganna framundan.

Nánari upplýsingar um HönnunarMars og yfirlit um alla viðburði má finna á síðunni honnunarmars.is.



**SAMSUÐA** Það kennir ýmissa grasa á sýningu sem verður opnuð í Hannesarholti í dag á vegum Hönnu Dísar Whitehead, Rúnu Thors, Petru Lilju og Víkur Prjónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## DESIGNTALKS Í HÖRPU MARKAR UPPHAF HÖNNUNARMARS



**CALVIN KLEIN**

DesignTalks, fyrirlestradagur HönnunarMars, markar upphaf hátíðarinnar líkt og undanfarin ár. Fjölmörg þekkt nöfn í hönnunarheiminum flytja erindi. Stærsta nafnið er án efa fatahönnuðurinn og tískumógúllinn Calvin Klein. Einng tala þau Mikael Schiller, stofnandi Acne, Robert Wong og Marco Steinberg ásamt fleirum. Þar verða ný hlutverk hönnuða og arkitekta í brennidepli og hönnun skoðuð sem leiðandi afl á tímum breytinga, í óvæntu samhengi og samstarfi.

Fundarstjórar eru Hlín Helga Guðlaugsdóttur, hönnuður, listrænn stjórnandi og lektor við Konstfackistaháskólann í Stokkhólmi, og Stephan Sigrist frá svissnesku hugveitunni W.I.R. Fyrirlestradagurinn fer fram í Hörpu og hefst dagskráin 9.30.

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| NEED FOR SPEED VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SAVING MR. BANKS | KL. 5:20 | L |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 - 8 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 10:30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 5:15 - 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 - 8 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 - 10:45 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:35 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:40 | 16 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:20 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DEAD SNOW | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| DEAD SNOW LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODY 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODY 3D | KL 3.30 | L |
| MONUMENTS MEN | KL 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | KL 3.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| DEAD SNOW | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODY 2D | KL 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL 8 - 10.30 | 12 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BAG MAN | 10:25 | 16 |
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 10:10 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 8 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 27. mars til og með 2. apríl eða á meðan birgðir endast.

## Gróa með betri tölur en Kaninn hjá Val

**KÖRFUBOLTI** Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir var án vafa besti leikmaður undanúrslitaeinvígis Snæfells og Vals í Dominos-deild kvenna. Gróa steig fram á sviðið þegar Chynna Brown meiddist. Gróa endaði með hæsta framlag allra leikmanna í einvíginu. Hún var með 22,4 framlagsstig að meðaltali og var þar hærri en bandaríski leikmaðurinn hjá Val, Anna Alys Martin (20,2). Gróa á líka mikið í því að Anna var ekki hærri enda dekkaði hún hana nær allt einvígið.

Gróa endaði á stórleik í oddaleiknum þar sem hún var með 35 framlagsstig (21 stig, 12 fráköst, 6 stoðsendingar, 4 stolnir) þrátt fyrir að geta ekki labbað daginn áður. Meðaltöl Gróu í einvíginu voru (tölur hennar úr deildinni innan sviga): 15,5 stig (9,4), 8,8 fráköst (6,8), 3,2 stoðsendingar (2,7), 2,4 stolnir boltar (2,1), 55,6 prósent skotnýting (41,4 prósent) og 77,8 prósent vítanýting (75,0 prósent). **- óój**



## Tap gegn Frökkum í Höllinni



**ÖFLUG** Þórey Rósa Stefánsdóttir átti flottan leik fyrir Ísland en það dugði ekki til gegn sterku liði Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið féll í gær niður í þriðja sæti síns riðils í undankeppni EM.

Ísland tapaði þá gegn Frökkum en Slóvakía vann sigur gegn Finnum og komst upp fyrir Ísland í riðlinum.

Stelpurnar okkar eiga aftur á móti inni heimaleik gegn Slóvakíu síðar í riðlinum og það verður væntanlega úrslitaleikur um annað sæti riðilsins. **- hbg**

**visir.is**
Frekari umfjöllun um leikinn.

# Dómurum virðist standa alveg á sama

Þorleifur Ólafsson, fyrirliði Íslandsmeistara Grindavíkur, hefur áhyggjur af þróun mála hjá íslenskum dómurum.

**KÖRFUBOLTI** Mikla athygli vakti þegar Þorleifur Ólafsson hellti sér yfir Björgvin Rúnarsson, einn þriggja dómara leiks Grindavíkur gegn Þór á sunnudagskvöld. Þorleifur, sem er fyrirliði Grindavíkur, var þá kominn á hækjur eftir að hafa meiðst illa á hné í fyrsta leikhluta.

„Ég læt liggja á milli hluta hvað ég sagði en ástæðan fyrir því að ég missti mig var frammistaða dómaranna í leiknum,“ segir Þorleifur í samtali við Fréttablaðið. Hann tekur þó fram að hann kenni dómurunum ekki um tapið og að hann hafi beint orðum sínum að Björgvini þar sem hann væri aðaldómari leiksins.

„Frammistaða dómaranna hefur heilt yfir ekki verið góð en mælirinn fylltist í þessum leik. Það virðist vera sem allt of margir dómarar hér á landi séu ekki starfi sínu vaxnir,“ útskýrir Þorleifur sem fékk brottrekstrarvillu hjá Björgvini og var svo úrskurðaður í eins leiks bann.

Það kemur þó ekki mikið að sök þar sem Þorleifur er mjög líklega með slitið krossband í hné og spilar ekki meira á tímabilinu.

„Það var meðvituð ákvörðun að missa mig og ég vissi alveg hvaða afleiðingar það hefði í för með sér,“ segir Þorleifur.

### Þurfa að taka meiri ábyrgð

Hann segir ekkert eðlilegra fyrir dómara en að gera mannleg mistök eins og gengur og gerist. En Þorleifur telur að viðhorf þeirra sé slæmt og það sýni sig í samskiptum þeirra við þjálfara og leikmenn.

„Það sem helst mætti bæta er að þeir taki meiri ábyrgð á sínum gjörðum. Svo virðist vera að þeim sé alveg sama og það fer helst í taugarnar á mér. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir því að til þess að verða betri í því sem þeir gera þurfa þeir að leggja aukalega á sig – líkt og leikmenn og þjálfarar gera,“ segir Þorleifur og bendir á að framþróun íþróttarinnar hefur verið mikil síðustu ár.

„Sérstaklega höfum við eignast marga unga og góða leikmenn sem hafa blómstrað. Það sést best á því að gæðin í íslenskum körfubolta hafa ekkert minnkað við það að Bandaríkjamönnum var fækkað fyrir tímabilið. En hvað dómarana varðar finnst mér þeir hafa staðið í stað og ekki fylgt þróuninni.“

### Dómararnir eru með skæting

Þorleifur nefnir að bestu dómarar landsins að hans mati – Sigmundur Már Herbertsson, Kristinn Óskarsson og Jón Guðmundsson – séu reiðubúnir að ræða málin við leikmenn og að fleiri mættu taka sér það til fyrirmyndar.

„Mannleg samskipti hjá mörgum dómurum eru ekki til staðar. Þeir eru aldrei tilbúnir að ræða málin og eru með skæting þess í stað. Þeir hóta manni með tæknivillu um leið og maður ætlar að ræða málin. Þeir virðast vera yfir aðra hafnir þegar kemur að því að gera íþróttina okkar betri. Við eigum marga dómara sem hafa dæmt meira en þúsund leiki á ferlinum en frammistaðan endurspeglar það ekki nema hjá þessum þremur.“

Hann ítrekar þó að dómgæslan í umræddum leik hafi ekki kostað Grindvíkinga sigurinn en þriðji leikur liðsins í rimmu þess gegn Þór fer fram í kvöld.

„Í þessu tilviki var ég virkilega ósáttur og allt of mörg mistök hjá dómaratríóinu sem mátti skrifa á einbeitingarleysi. Þeir voru ekki tilbúnir og það er ekki boðlegt í úrslitakeppni.“ **eirikur@frettabladid.is**



**ÚR LEIK** Þorleifur spilar ekki meira með Grindavík í úrslitakeppninni vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það var meðvituð ákvörðun að missa mig og ég vissi alveg hvaða afleiðingar það hefði.**
> *Þorleifur Ólafsson, fyrirliði Grindavíkur.*

**Aðalfundur BÍ 2014**
**Aðalfundur Blaðmannafélagsins verður haldinn 10. apríl 2014 að Síðumúla 23 kl 20:00**

Dagskrá fundarins:
Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*

*Framboð til formannsBÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ félagar eru hvattir til að mæta**




# Það er margt gert til að bæta dómgæsluna

Formaður dómaranefndar KKÍ segir kvartanir vegna dómara vera fylgifisk úrslitakeppninnar á hverju ári.

**KÖRFUBOLTI** Rúnar Birgir Gíslason, formaður dómaranefndar KKÍ, telur að álag á körfuboltadómara hér á landi sé ekki of mikið. Þessa dagana er úrslitakeppnin í fullum gangi í efstu deild karla og kvenna sem og neðri deildum og dómarar hafa verið nokkuð gagnrýndir fyrir sín störf, bæði af leikmönnum og þjálfurum.

„Þetta er ekki meira álag en verið hefur,“ segir Rúnar Birgir í samtali við Fréttablaðið og telur að pirringur gagnvart dómurum sé að aukast.

„Nú er úrslitakeppnin í fullum gangi og mikið undir í leikjunum. Svona hefur þetta verið í gegnum tíðina og þetta er ekki meira en áður,“ segir hann.

„En dómaranefndin er sífellt að vinna í því að bæta dómgæsluna og ræðir við dómara gerist þess þörf. Ef hún telur að það sé þörf að taka á ákveðnum málum er það gert.“

Rúnar Birgir bætir því við að það sé markvisst unnið í því að bæta frammistöðu dómaranna en segir að bæta þurfi eftirlitskerfi fyrir þá.

„Um það eru allir sammála. Það kostar hins vegar pening að setja slíkt kerfi í gang og því hefur ekki fundist ásættanleg lausn á hvernig skuli standa að því. En það er vilji allra í hreyfingunni að koma á góðu eftirlitskerfi fyrir dómarana.“

Hann segir þó margt annað gert til að halda dómurunum við efnið. „Það eru bæði þrekpróf og skrifleg próf sem dómarar þurfa að þreyta og þá geta dómarar sótt sér fræðsluefni á netinu og tekið þar alls kyns próf sem reyna á kunnáttu þeirra. Um tilraunaverkefni er að ræða en við stefnum að því að í framtíðinni muni virkni dómara í þessu umhverfi og frammistaða þeirra í prófunum ráða niðurröðun á leiki,“ segir Rúnar Birgir.

„Við vitum að menn eru ósáttir af ýmsum ástæðum en ef við ætlum að hálshöggva dómara fyrir hver mistök verðum við fyrir vikið dómaralausir,“ bætir Rúnar við. **- esá**



**STANDA Í STRÖNGU** Kristinn Óskarsson er einn reyndasti dómari Íslands.

## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM

**ÍSLAND - FRAKKLAND 21-27**

**Ísland - Mörk (skot):** Karen Knútsdóttir 8/4 (13/4), Þórey Rósa Stefánsdóttir 5 (5), Ramune Pekarskyte 4 (11), Unnur Ómarsdóttir 2 (2), Arna Sif Pálsdóttir 2 (4), Hildigunnur Einarsdóttir (1), Birna Berg Haraldsdóttir (3), Hildur Þorgeirsdóttir (4).

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 12 (35/3, 34%), Dröfn Haraldsdóttir 2 (6, 33%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Karen, Þórey Rósa 3, Unnur 2)

**Fiskuð víti:** 4 (Karen 2, Ramune, Arna Sif )

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Frakkland - Mörk (skot):** Siraba Dembélé 5 (5), Paule Baudouin 5/3 (5/3), Nina Kamto Njitam 4 (4), Allison Marie Pineau 4 (6), Gnonsiane Niombla 3 (6), Alexandra Lacrabère 3 (8), Audrey Deroin 2 (2), Mariama Signaté 1 (4), Camille Auglon (1), Grace Zaadi Deuna (1),

**Varin skot:** Amandine Leunaud 10 (20/3, 50%), Cléopâtre Darleux 4 (15/1, 27%),

**Hraðaupphlaup:** 7 (Dembélé, Njitam, Pineau, Niombla 2, Lacrabère, Deroin )

**Fiskuð víti:** 3 (Dembélé 2, Pineau)

**Utan vallar:** 10 mínútur.

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**WEST HAM - HULL CITY 2-1**

1-0 Mark Noble (26.), 1-1 Nikica Jelavic (49.), 2-1 James Chester, sjm (54.).

Rautt spjald: Allan McGregor, Hull (22.).

**LIVERPOOL - SUNDERLAND 2-1**

1-0 Steven Gerrard (39.), 2-0 Daniel Sturridge (47.), 2-1 Ki Sung-Yueng (75.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 31 | 21 | 6 | 4 | 62-23 | 69 |
| Liverpool | 31 | 21 | 5 | 5 | 84-39 | 68 |
| Man. City | 29 | 21 | 3 | 5 | 79-27 | 66 |
| Arsenal | 31 | 19 | 6 | 6 | 55-36 | 63 |
| Everton | 30 | 16 | 9 | 5 | 46-30 | 57 |
| Tottenham | 31 | 17 | 5 | 9 | 40-40 | 56 |
| Man. United | 31 | 15 | 6 | 10 | 48-37 | 51 |

**visir.is**
Frekari umfjöllun um enska boltann.




Vnr. 80602509
GJØCO PROFF
innimálning, 9 l.
**5.995kr.**




Vnr. 85540083/1083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
**7.995kr.**




Vnr. 89071170
SADOLIN innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 7 l.
**6.995kr.**




Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.

4 LÍTRAR

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
**4.995kr.**
Almennt verð 5.995 kr.

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



*Harris*®
Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus
penslasett, 3 penslar.
**645kr.**



Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla, 25 cm
og lengjanlegt skaft.
**1.845kr.**



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.
**995kr.**



Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
**495kr.**



Vnr. 68224394
LUX málningarrúlla, 25 cm.
**595kr.**




Vnr. 83614821
NORDSJÖ medium
spartl, 0,5 l.
**895kr.**




Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki
og penslasett.
**1.295kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.25
**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



### Eldað með Ebbu
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 20.05** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn hinum silkimjúka söngvara og leikara Harry Connick Jr.



### Game of Thrones
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Þriðja þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðugu valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.

### X-ið 977 kl. 08.00
**Harmageddon**



Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.






### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Suits**
**11.45 Nashville**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Love and Other Drugs**
**14.55 The O.C.**
**15.40 Loonatics Unleashed**
**16.05 Tasmanía**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður**
**19.50 Life's Too Short** *(5:7)*
**20.25 Masterchef USA** *(13:25)*
**21.10 The Blacklist** *(17:22)*
**21.55 NCIS** *(7:24)*
**22.40 Person of Interest**
**23.25 Grace**
**00.55 Spaugstofan**
**01.20 Mr. Selfridge**
**02.05 The Following**
**02.50 Shameless**
**03.40 The Abandoned**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**14.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**14.30 Kiel - Göppingen**
**15.50 Sevilla - Real Madrid**
**17.30 Barcelona - Celta**
**19.10 Hamburg - Fuchse Berlin** Bein útsending
**20.40 Samantekt og spjall**
**21.10 KS deildin**
**21.40 Skeiðgreinar - úti**
**00.10 Grindavík**
**00.40 Hamburg - Fuchse Berlin**
**02.00 UFC Fight Night**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 West Ham - Hull**
**08.40 Liverpool - Sunderland**
**12.15 PL Classic Matches. Everton - Man United, 2003**
**12.45 Chelsea - Arsenal**
**14.30 Messan**
**16.10 Man. Utd. - Man. City**
**17.50 Newcastle - Everton**
**19.30 Premier League World**
**20.00 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.55 Liverpool - Sunderland**
**22.35 Arsenal - Swansea City**
**00.15 Tottenham - Southampton**

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**12.00 Simpson-fjölskyldan**
**12.20 Friends**
**12.45 Mindy Project**
**13.05 Suburgatory**
**13.25 Glee**
**14.10 Hart of Dixie**
**14.50 Gossip Girl**
**15.35 The Carrie Diaries**
**16.20 Pretty Little Liars**
**17.05 H8R**
**17.45 How To Make it in America**
**18.10 1600 Penn**
**18.35 Game tíví**
**19.05 Ben and Kate**
**19.30 Lífsstíll**
**20.00 American Idol** *(22:37)*
**21.25 Hawthorne** *(5:10)*
**22.10 Supernatural**
**22.50 Grimm**
**23.30 Luck**
**00.15 Game tíví**
**00.40 Ben and Kate**
**01.00 Lífsstíll**
**01.25 American Idol**
**02.45 Hawthorne**
**03.30 Supernatural**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.23** Latibær **07.34** Ævintýraferðin **07.47** Tom and Jerry **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.19** Svampur Sveinsson **09.45** Gulla og grænjaxlarnir **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Brunabílarnir **10.47** Mamma Mu **10.55** Hello Kitty **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.23** Latibær **11.34** Ævintýraferðin **11.47** Tom and Jerry **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.21** Svampur Sveinsson **13.45** Gulla og grænjaxlarnir **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.24** Brunabílarnir **14.46** Mamma Mu **14.51** Hello Kitty **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.23** Latibær **15.34** Ævintýraferðin **15.47** Tom and Jerry **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.21** Svampur Sveinsson **17.45** Gulla og grænjaxlarnir **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.24** Brunabílarnir **18.46** Mamma Mu **18.51** Hello Kitty **19.00** Ísöld. Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.20 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Tekinn 2** *(5:14)*
**20.30 Weeds** *(5:13)*
**21.00 Game of Thrones** *(5:10)*
**21.55 Without a Trace** *(4:24)*
**22.40 Curb Your Enthusiasm**
**23.10 Twenty Four**
**23.55 Tekinn 2**
**00.20 Weeds**
**00.50 Game of Thrones**
**01.45 Without a Trace**
**02.30 Curb Your Enthusiasm**
**03.00 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**11.15 Fever Pitch**
**13.00 Margin Call**
**14.45 City Slickers**
**16.35 Fever Pitch**
**18.20 Margin Call**
**20.05 City Slickers**
**22.00 Hunger Games**
**00.20 A Few Good Men**
**02.35 Kingdom of Heaven**
**05.00 Hunger Games**

### RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Einar Áskell**
**17.33 Verðlaunafé**
**17.35 Stundin okkar**
**18.01 Skrípin**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Eldað með Ebbu** *(4:8)* Ebba Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluívafi. Hægt er að nálgast uppskriftir á www.ruv.is/matur. Dagskrárgerð: Sævar Sigurðsson. Framleiðandi: Anna Vigdís Gísladóttir fyrir Sagafilm.
**20.40 Martin læknir** *(3:8) (Doc Martin)*
**21.30 Best í Brooklyn** *(10:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.50 Svipmyndir frá Noregi** *(4:7) (Norge rundt)* **Rússnesk eggjaskreytingarhefð.**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(15:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.05 Stundin** *(2:6) (The Hour II)*
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.50 The Voice**
**17.05 90210**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Parenthood**
**19.10 Cheers**
**19.35 Trophy Wife** *(12:22)*
**20.00 Svali&Svavar - LOKAPÁTTUR** *(12:12)* Þeir félagar Svali og Svavar hafa brallað ýmislegt í gegnum árin. Svali hefur örlítið minni smekk fyrir lífsins lystisemdum en Svavar en að sama skapi fer ekki mikið fyrir hreyfiþörf hjá Svavari.
**20.40 The Biggest Loser - Ísland** *(10:11)*
**21.40 Scandal** *(11:22)*
**22.30 The Tonight Show** Gamli refurinn Bill Cosby kíkir við í þætti kvöldsins ásamt klifurkettinum Joby Ogwyn.
**23.15 CSI**
**00.05 Ice Cream Girls**
**00.50 The Good Wife**
**01.40 The Tonight Show**
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.30** Golfing World 2014 **14.20** European Tour 2014 **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# KRINGLU 25 ára KRÁIN

## Dagskrá framundan

Föstudagur 28. mars - Festival frá Borgarnesi
Laugardagur 29. mars - Festival frá Borgarnesi

Föstudagur 4. apríl - FlashBack
Laugardagur 5. apríl - FlashBack

Föstudagur 11. apríl - Geirmundur Valtýs.
Laugardagur 2. apríl - Geirmundur Valtýs.

Skírdagur 17. apríl - Lokað
Föstudagurinn langi 18. apríl - Lokað
Laugardagur 19. apríl - Lokað
Páskadagur 20. apríl - Lokað

Föstudagur 25. apríl - FlashBack
Laugardagur 26. apríl - FlashBack

Föstudagur 2. maí - Gullkistan
Laugardagur 3. maí - Gullkistan

Föstudagur 9. maí - Geirmundur
Laugardagur 10. maí - Geirmundur

## Hópatilboð:
## „Dinner“ og ball

### Matseðill

**Forréttur**
Freyðandi humarsúpa

**Aðalréttur**
Lambafillet og hægeldaður lambsbógur
í rauðvíni og ferskum kryddjurtum
framreitt með vorgrænmeti
og Bordelaisesósu

**Eftirréttur**
Frönsk súkkulaðikaka
með jarðarberjum og rjóma

kr. 5.290



# FlashBack ball

## Missið ekki af þessu!

## Föstudags og laugardagskvöld 4. og 5. apríl

Hér sameinast gamlir keppinautar úr helstu ballsveitum blómaskeiðs sjöunda áratugarins og munu flytja fólk aftur til fortíðar með ballslögurum frá sjötta og sjöunda áratugnum. Fanga stemninguna sem var í Glaumbæ, Silfurtunglinu, Tjarnabúð og víðar...

**FlashBack eru:**
Jón Ragnarsson úr Pops og Sálinni,
Kári Jónsson úr Mods,
Svenni Larsson úr Mods, Pops, Ævintýri og Trix,
Ágúst Ragnarsson úr Bendix, Sveitin milli sanda og Start,
Friðrik Halldórsson úr Gildrunni, 66 og Stormsveitinni
Steinar Viktorsson úr Falcon, Bendix og Eilífðinni,
Hljómsveit Jakobs Jónssonar og Rósinni.

Gull Léttöl

KRINGLU KRÁIN Stofnuð 1. mars 1989
1989 2014

## UPPÁHALDS FATABÚÐIN?



**„Rauðakrossbúðin. Það er alltaf gaman að kíkja á gamlar gersemar og styrkja gott málefni í leiðinni.“**

Þórunn Antonía Magnúsdóttir, söngkona og dómari í Ísland Got Talent

# Kóngurinn í kóngsins Kaupinhafn

Bubbi Morthens kemur fram ásamt þremur öðrum íslenskum nöfnum á nýrri tónlistarhátíð sem fram fer í Kaupmannahöfn dagana 9. og 10. maí.

„Jú, jú, ég er að spila á hátíðinni og ætla taka með mér litla hljómsveit,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens en hann kemur fram á tónlistarhátíð sem ber nafnið Frigg og fer hún fram í kóngsins Kaupmannahöfn dagana 9. og 10. maí.

Hátíðin er ný af nálinni og kemur fram fjöldi tónlistarmanna frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Bubbi er ekki eini íslenski listamaðurinn sem fram kemur á hátíðinni því hljómsveitirnar Kaleo, Vök og Hjálmar spila einnig á Friggjarhátíðinni. Þá koma meðal annars fram danska söngkonan Medina, færeyska söngkona Eivör Pálsdóttir og færeyska rokkhljómsveitin Týr.

„Ég veit voða lítið um hátíðina en þetta verður skemmtilegt,“ segir Bubbi en hann hefur alloft komið fram í Kaupmannahöfn.

Hugmyndin á bak við hátíðina er að skapa nægtahorn góðrar tónlistar frá Færeyjum og öðrum löndum í Norður-Atlantshafi og krydda hana með forvitnilegum mat og annarri norrænni menningu.

Frumkvæðið að hátíðinni áttu þeir Steintór Rasmussen og Hans Petur í Brekkunum. Hans Petur er saxófónleikari og veitir Færeyjahúsinu í Kaupmannahöfn forstöðu en Steintór er stofnandi Sumarhátíðarinnar í Klakksvík. Friggjarhátíðin gæti varla verið meira miðsvæðis því hún fer fram í hjarta Kaupmannahafnar, nánar tiltekið í Kongens Have. - glp



**KÓNGURINN Í KÖBEN** Bubbi Morthens kemur fram á Friggjartónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**SMÍÐAÐI HUNDASLEÐA** Jakob Jakobsson lærði að smíða hundasleða fyrr í vetur.

# Þriggja daga kapphlaup í óbyggðum Grænlands

Fyrir hálfu ári hafði Jakob aldrei prófað gönguskíði en er nú einn þátttakenda í 160 kílómetra löngu kapphlaupi í 30 stiga frosti um óbyggðir Grænlands.

„Við fluttum hingað, fjölskyldan, í ágúst en ég heyrði fyrst af þessari keppni í október og fannst spennandi að upplifa þessa mikilfenglegu náttúru á þennan hátt,“ segir Jakob Jakobsson sem er búsettur í grænlenska bænum Sisimiut en hann er einn þátttakenda í Arctic Circle Race-keppninni.

„Mig langaði að sjá staði sem eru algjörlega einangraðir frá amstri heimsins, það gefur manni eitthvað að upplifa þögnina, að vera á stað sem fáir aðrir hafa nokkru sinni komið á áður,“ Keppnin fer fram daganna 4., 5. og 6. apríl og hefur Jakob verið á stífum æfingum seinasta mánuðinn en fyrir hálfu ári hafði hann aldrei prófað gönguskíði. „Varla skíði heldur því ég hef alltaf verið á snjóbretti. Ég fékk síðan gönguskíði í jólagjöf og byrjaði að æfa mig,“ segir Jakob og bætir því við að það hafi ekki gengið neitt sérlega vel í byrjun.

„Ég sá ekki fram á að verða nógu öruggur á skíðunum til að geta tekið þátt, en ég gafst ekki upp því mig langaði til þess að vera með,“ segir Jakob sem hélt áfram að fara út og hlaupa á skíðunum.

„Stíllinn batnaði og ég fór að ná tækninni sem er stærsti partur-inn af þessu,“ segir Jakob en þolið skiptir litlu máli ef þú kannt ekki að hlaupa á skíðunum.

„Í lok febrúar var ég orðinn nógu öruggur með mig til að skrá mig í keppnina,“ segir hann. „Síðan þá hefur allt snúist um þetta.“

Keppni af þessari stærðargráðu fylgir að vísu mikill kostnaður.

„Keppnisgjöld eru eitt en svo þarf maður líka að vera með sem bestan mögulegan búnað,“ segir Jakob en keppnishaldarar rannsaka allan búnað keppenda fyrir mótið og synja þeim um þátttöku sem hafa ekki nægilega góðan búnað.

„Búnaðurinn þarf að þola erfiðar náttúruaðstæður þar sem það getur verið 30 stiga frost á köflum,“ segir Jakob sem hafði samband við 66°Norður sem samþykkti að styrkja hann um allan fatnað sem hann þarf að nota í keppninni.

„Partur af þessu er, jú, að líta vel út og fatnaðurinn þeirra hefur reynst mér mjög vel á undirbúningstímabilinu, en hér er einstaklega kalt þennan veturinn,“ segir Jakob.

„Ég er ennþá að vonast til þess að eitthvað annað gott fyrirtæki á Íslandi sjái sér hag í að styðja mig hvað annan kostnað varðar.“

Jakob flutti ásamt konu sinni, Sóleyju Kaldal, til Grænlands, þar sem Sóley starfar sem menntaskólakennari, í lok síðasta sumars.

„Lífið hérna er alveg yndislegt og hér er margt í boði fyrir fólk sem hefur áhuga á útivist,“ segir Jakob sem veiddi sitt fyrsta hreindýr á Grænlandi fyrr í vetur.

„Við erum líka búin að læra að sauma í skinn og smíða grænlenskan hundasleða,“

„Ég ætlaði bara að læra á skíði til að geta tekið þátt og fá þessa upplifun,“ segir Jakob og bætir við að keppnin hafi bara átt að vera þetta eina skipti.

„En ég er kominn með bakteríuna og hætti varla á skíðum eftir þetta,“ segir Jakob sem er svo sokkinn inn í skíðamenninguna að hann er byrjaður að horfa gömul skíðamyndbönd á netinu.

„Nú horfir maður á klassíska endaspretti á YouTube og upplifir fræga gönguskíðkappa sem rokkstjörnur.“ baldvin@365.is



**ALGJÖR EINANGRUN** Jakob Jakobsson vill upplifa staði sem eru algjörlega einangraðir frá heiminum.

### → Hvað er Arctic Circle Race?

Arctic Circle-keppnin er 160 kílómetra, þriggja daga kapphlaup á gönguskíðum um óbyggðir Grænlands. Keppnin er haldin í baklandi Sisimiut, fimm þúsund manna bæjar á vesturströnd Grænlands.

Keppnin var fyrst haldin árið 1998 og er orðin einn af árlegum viðburðum vetraríþróttaheimsins.






# VELKOMIN Í THE PIER



Klukkur frá **3.990**

Hilla **59.900**

Kommóða **39.900**

Náttborð **29.900**



Glerskápur **49.900**

Kommóða
5 skúffur **39.900**
3 skúffur **39.900**



Stóll **59.900**



Myndir frá **790**



Gardínur frá **2.990**



Vasar frá **5.990** mikið úrval



Skartgripaskrín frá **290**



Days svefnsófi **99.900**



Rammar frá **1.290** mikið úrval



DOBIA.IS

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Heimsfrumsýnd á Tribeca

Kvikmyndin Björk: Biophilia Live verður heimsfrumsýnd á Tribeca-kvikmyndahátíðinni sem hefst 16. apríl í New York í Bandaríkjunum. Í myndinni er fylgst með Biophilia-tónleikum **Bjarkar Guðmundsdóttur** og við þá er blandað hreyfimyndum úr smáforritinu sem var þróað sem hluti af plötunni Biophilia sem er áttunda stúdíóplata Bjarkar og kom út árið 2011. Nick Fenton og Peter Strickland leikstýra myndinni og verður hún sýnd 26. apríl. Miðar á sýninguna fara í sölu á heimasíðu hátíðarinnar í dag. -lkg



### GusGus í Týrol

**Högni Egilsson** í Hjaltalín birti mynd af sér og meðlimum GusGus, þeim Daníel Ágúst og Stephan Stephensen, jafnan kölluðum President Bongo, þar sem þeir standa á fjallstindi í Týról. Hrikaleg fjallasýn austurrísku alpanna er í bakgrunni myndarinnar og kapparnir virðast bókstaflega í skýjunum. Félagarnir eru á skíðaferðalagi í Austurríki ásamt DJ Margeiri. GusGus-menn hafa verið að vinna að nýrri plötu sem er nú tilbúin. Hún er væntanleg í maí á þessu ári. Aðdáendur rafsveitarinnar geta því farið að búa sig undir mikið fjör. -ssb



## Mest lesið VÍSIR

1 Gíslataka í Hlíðarhjalla
2 „Þó ég gæti skipt við einhvern þá myndi ég aldrei gera það"
3 Iðnaðarmanni bjargað á elleftu stundu
4 Hrikaleg lending
5 Stöðvaði verkfallsbrot í MR
6 Nýjar gervitunglamyndir sýna 122 hluti á floti


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...





...góðar fréttir fyrir umhverfið






ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET TO HEAVEN hummel bisgaard